



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. september 2005 - 260. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## PRÍÐJUDAGUR

### Ólafur áfram með Fram

Ólafur Kristjánsson verður að öllum líkindum áfram þjálfari Fram. Guðlaugur Baldursson verður einnig áfram með lið ÍBV.



ÍPRÓTTIR 22

### Undarleg tíðindi

Valgerður Bjarnadóttir segir að hin undarlegustu tíðindi er verða Baugsmálið hafi verið gerð heyrinkunnug nú um helgina. „Sannast að segja veit maður ekki hvaðan á sig stendur veðrið.“

Í DAG 18

### Peir sem nútíminn úthýsir

Salvör Nordal, forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals, fjallar um kenningar Baumans í fyrirlestri sem hún heldur í Þjóðminjasafninu í dag.



MENNING 26



### Fjör í Laufskálarétt

Fólk lét ekki snjóaveður aftra sér frá konunglegri skemmtun í stóðréttum í Hjaltadal.

TILVERA 14

## VEÐRIÐ Í DAG



**HVASSVIÐRI EÐA STORMUR** á Vestfjörðum, mjög hvasst framán af degi norðvestan til og á Snæfellsnesi. Rigning norðan og austan til en þurr og fremur skýjað syðra. Milt í veðri.

VEÐUR 4

KONUR 20-40 ÁRA

Konur velja Fréttablaðið\*

55%



Heilsa

28%



Daglegt líf

\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 20-40 ára kvenna á efnisþætti á þriðjudögum.

# Taka 70 töflur af parkóðini daglega

Neysla parkóðins hér á landi er margfalt meiri en í Danmörku. Lyfin verða tekin úr lausasölu hér vegna misnotkunar. Fleiri og fleiri leita sér aðstoðar vegna lyfjaneyslunnar. Lyfin breytast að hluta í morfín í líkamanum.

**LYFJAMÁL** Einn og sami neytandinn notar allt að sjötíu parkóðintöflur á dag. Verkjalyfin parkóðin og íbúkóð verða vegna mikillar neyslu fíkla tekin úr lausasölu og verða því einungis seld gegn framvísun lyfseðils. Mímír Arnórsson, lyfjafraeðingur hjá Lyfjastofnun, segir breytinguna vera samkvæmt tillögu vinnuhóps á vegum Lyfjastofnunar og landlæknisembættisins sem fjallaði um vandamál tengd lausasölu verkjalyfja sem innihalda kódein.

Mímír segir þessa miklu neysla parkóðins stafa af því að líkaminn myndi þol gegn efninu og þurfi þess vegna stærri og stærri

skammta. Mímír segir að lausasala parkóðins og íbúkóðs hafi aukist mikið frá því að lyfin komu á markað 1989. Neysla hér er margfalt meiri en til að mynda í Danmörku þar sem verkjalyf með kódeini fást einnig í lausasölu. Í mörgum Evrópulöndum er ekki hægt að kaupa verkjalyf sem innihalda kódein nema gegn framvísun lyfseðils.

„Kódeinið er eitt þeirra efna sem unnin eru úr ópíumvalmía,“ segir Mímír. „Um tuttugu efni eru unnin úr honum og er morfín þeirra þekktast.“

Kódein breytist að hluta til í morfín í líkamanum. Mímír bend-

ir á að gögn frá SÁÁ sýni að innlagnir á Vog vegna kódeinfíknar hafi verið nánast óþekktar fyrir 10 árum en séu nú yfir 70 á ári. Svipað gildi um innlagnir vegna morfínfíknar sem einnig hafi verið nánast óþekktar fyrir 10 árum en eru nú milli 150 og 200 á ári. Þessar upplýsingar vekur grunsemdir um að aukin lausasala kódeinlyfja sé orsök hratt vaxandi fjölda ópíumfíkla.

„Ég vil vekja athygli á því að þessi verkjalyf verða fáanleg áfram,“ segir Mímír. „En eftir næstu mánaðamót verður ekki hægt að kaupa þau nema út á lyfseðil.“

jss@frettabladid.is



JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR Sendi tölvupóst sem hún kallaði sjálfsbjargarviðleitni.

Jónína Benediktsdóttir:

## Petta er ekki hótun

**BAUGSMÁL** „Þetta er ekki hótun heldur sjálfsbjargarviðleitni þriggja barna móður sem á að lýsa sig gjaldþrota á morgun en átti 200 milljónir þegar hún þvældist inn í mestu drullusokkafjölskyldu í heimi,“ segir í tölvupósti sem Jónína Benediktsdóttir sendi Tryggva Jónssyni, þáverandi stjórnanda í Baugi.

„Ég get saltað ykkur alla, því á mig er hlustað. [...] Ég þarf svar á morgun það er legið á mér að veita öll þessi gögn.“

„Ef þú telur að lög hafi verið brotin, og þú hafir gögn sem sýni fram á það, er það eina rétta að gera yfirvöldum grein fyrir því,“ sagði í svari Tryggva.

- sjá bls. 2 og 6



ÁTJÁN DÆMDIR FYRIR AÐILD AÐ HRYÐJUVERKUNUM 11. SEPTEMBER Hæstiréttur Spánar dæmdi í gær átján menn í fangelsi fyrir aðild þeirra að hryðjuverkunum í Bandaríkjunum 11. september. Imad Yarkas sem sést á myndinni hlaut þyngsta dóminn. Sjá síðu 4

Davíð Oddsson kveður ríkisstjórnina á Bessastöðum í dag:

# Breytingar í ríkisstjórninni

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson utanríkisráðherra lætur af embætti á ríkisráðsfunði, sem haldinn verður á Bessastöðum klukkan tvö í dag. Geir H. Haarde fjármálaráðherra tekur við embætti utanríkisráðherra af Davíð, en hann hefur verið ráðinn seðlabankastjóri til næstu sjö ára og tekur við því embætti 20. október næstkomandi.

Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra tekur við embætti fjármálaráðherra af Geir. Einar K. Guðfinnsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins,



EINAR K. GUÐFINNSSON Einar tekur sæti í ríkisstjórninni í dag sem sjávarútvegsráðherra.

tekur við embætti sjávarútvegsráðherra af Árna.

Á þingflokksfunði Sjálfstæðisflokksins í gær var ákveðið að Halldór Blöndal yrði formaður utanríkisráðgjafaradalfundar alþingis í stað Sólveigar Pétursdóttur sem tekur við af Halldóri sem forseti alþingis.

Á þingflokksfundinum var einnig ákveðið að Arnbjörg Sveinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tæki við þingflokksformennsku af Einari K. Guðfinnssyni verðandi sjávarútvegsráðherra.

- jh / sjá síðu 16 og 17



## Hreinn ávinningur

Hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja?

Ráðstefna miðvikudaginn 28. september á Grand Hótel

Upplýsingar og skráning á www.si.is



## SPURNING DAGSINS

Össur, ertu svekktur yfir að Jónína bauð þér ekki í mat?

„Hundsvekkur. Ég er að vísu bara alþýðupungur en þarna færast skörin of langt upp í bekkinn.“

Jónína Benediksdóttir bauð Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Stefáni Jóni Hafstein að lita á málsöggn Jóns Gerald Sullenberger gegn Baugi í matarboði.

Uppsetning á snjóframleiðslukerfi í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar:

# Of mikill snjór á skíðasvæðinu

**SNJÓR** Vegna snjókomu og slæms veðurs að undanförunu hefur starfsmönnum Skíðastaða í Hlíðarfjalli við Akureyri gengið erfiðlega að búa til uppistöðulón í fjallinu sem nota á við snjóframleiðslu í vetur.

„Til að framkvæmdirnar í fjallinu gangi sem best þurfum við að fá gott veður. Snjóframleiðslukerfið var keypt vegna snjóleysis í Hlíðarfjalli en nú bregður svo við að of mikill snjór er að stríða okkur,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðastaða.

Framkvæmdir við snjóframleiðslukerfi í Hlíðarfjalli hófust

um miðjan ágúst en gert er ráð fyrir að kostnaður við kerfið verði um 107 milljónir króna. Þrátt fyrir erfiðleika við gerð uppistöðulónsins er verkið í heild á tímaáætlun og á snjóframleiðslukerfið að verða tilbúið til notkunar í byrjun nóvember.

„Ef mikið fer að snjóa munu framkvæmdir hugsanlega tefjast en þá þarf heldur ekki að framleiða snjó til að geta opnað skíðasvæðið. Á hvorn veginn sem fer verður svæðið opnað 3. desember klukkan 10,“ segir Guðmundur Karl.



GUÐMUNDUR KARL JÓNSSON Snjór virðist ótæmandi uppspretta hugarangurs staðarhaldarans í Hlíðarfjalli; ýmist of lítið af honum eða of mikið.

- kk

Ríkisstjórnin á Bessastöðum:

## Hádegisverður blásinn af

**STJÓRN MÁL** Ríkisráð Íslands hefur verið kvatt saman á Bessastöðum í dag. Þungamiðja fundarins er brott-hvarf Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra úr ríkisstjórninni og breytingar á skipan ráðherra af hálfu Sjálfstæðisflokksins samfara því.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ætlun forsetaembættisins að bjóða ríkisstjórninni til hádegisverðar á undan ríkisráðsfundinum sem hefst klukkan tvö síðdegis. Eftir því sem næst verður komist var hætt við hádegisverðarboðið þegar ljóst var að Davíð sá sér ekki fært að mæta en gera mátti ráð fyrir að hann yrði sérstaklega heiðraður þar.

- jh



ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON Kominn í fangelsi skammt frá Dallas.

Aron Pálmi Ágústsson:

## Handtekinn á ný í Texas

**TEXAS** Aron Pálmi Ágústsson var handtekinn í neyðarskýli í Dallas í Texas á sunnudagskvöld.

Þegar fellibylurinn Rita nálgast Beaumont, var piltinum upphaflega neitað um leyfi til að flýja með fjölskyldu sinni, en þegar fólk var fyrirskipað að yfirgefa borgina, flúði hann í neyðarskýlið.

Lögreglan flutti hann í fangelsi í smábæ fyrir utan Dallas, og var ástæðan sú að lögreglan telur hann hættulegan umhverfi sínu, að sögn Arons. Handtakan var ekki formleg, en Aron segist engu að síður vera niurdrenginn yfir atburðinum. Hann verður í varðhaldi þar til búið verður að hreinsa til eftir fellibylinn.

- smk

Öxarfjarðarheiði:

## Föst í bíl í sólarhring

**SAMGÖNGUR** Ung hjón og dóttir þeirra voru föst í litlum jeppa í um sólarhring nú um helgina. Nokkur snjókomu var og vont veður á heiðinni.

Búið var að auglýsa að heiðin væri ófær áður en þau lögðu á hana. Þau festust á miðri heiði þar sem ekkert farsímasamband var. Eftir tæplega sólarhringsbið gekk maðurinn niður heiðina þangað til hann náði símasambandi. Hann náði sambandi við Neyðarlínu seint á sunnudagskvöld. Bíll frá Björgunarsveitinni á Þórshöfn fór á heiðina og sótti fjölskylduna, sem var komin til byggða um miðnætti.

- grs

# Hvatti Jónínu til að snúa sér til yfirvalda

Jónína Benediksdóttir sagðist ætla að birta gögn frá Jóni Gerald Sullenberger um Baug ef hún fengi ekki greiðslur sem hún taldi sig eiga inni hjá Baugi. Tryggvi Jónsson hvatti hana til að snúa sér til yfirvalda með gögnin.

**BAUGSMÁL** Jónína Benediksdóttir vildi að Jóhannes Jónsson í Bónus keypti af sér líkamsræktarstöðina Planet Pulse annars birti hún gögn um Baug sem hún hafði undir höndum. Þetta kemur fram í tölvupósti sem Jónína sendi Tryggva Jónssyni, þáverandi forstjóra Baugs, 1. júlí 2002, en þá hafði hún fengið fjölda gagna frá Jóni Gerald Sullenberger, sem

hún var að aðstoða við að undirbúa mál gegn Baugi. Tryggvi hvatti hana til að snúa sér til yfirvalda með gögnin.

Jónína segir í tölvupóstinum: „Ég er með 25 skjöl sem geta flett ofan af ykkur skítinum og sett af stað mestu rannsókn í viðskiptalífi Íslands.“ Einnig segir hún: „Þetta er ekki hótun heldur sjálfsbjargarviðleitni þriggja barna móður sem á að lýsa sig gjaldþrota á morgun en átti 200 milljónir þegar hún þvældist inn í mestu drullu-sokkafjölskyldu í

heimi.“ Síðar í tölvupóstinum segir Jónína: „Ég get saltað ykkur alla, því á mig er hlustað. [...] Ég þarf svar á morgun það er legið á mér að veita öll þessi gögn.“

Þessu svarar Tryggvi samdægurs: „Ef þú telur að lög hafi verið brotin, og þú hafir gögn sem sýni fram á það, er það eina rétta að gera yfirvöldum grein fyrir því. Mér er ekki kunnugt um það fals og svik sem þú talar um. Jón Gerald hefur hins vegar hótad því að fabrikkera ýmislegt, til að ná fram hefndum gagnvart feðgunum. Hann hefur meðal annars hótad Jóni Ásgeir lífláti í tvígang, í seinna skiptið hringdi hann í Jóhannes og sagði honum að vera góðan við drenginn sinn þessa síðustu daga sem hann lifði því hann sjálfur væri á leið til landsins og ætlaði að drepa hann. Jón Gerald er greinilega í miklu ójafnvægi og því skaltu vara þig á upplýsingum sem þú færð þaðan. Ef þú ert sannfærð um réttmæti þeirra gagna skaltu hikaust snúa þér til yfirvalda, það er eina rétta leiðin.“

- sda



BÚIN AÐ KJÓSA Franskiskunna yfirgefur kjörstað á sunnudag.

Pólsk stjórnmál:

## Dauðarefsingar ógna aðild

**PÓLLAND, AP** Aðild Póllands að Evrópuráðinu er í hættu ef íhaldsamir sigurvegarar þingkosninga þar í landi ákveða að taka upp dauðarefsingu að nýju. Bæði Jaroslav Kaczynski, leiðtogi flokks Laga og réttlætis, og bróðir hans Lech Kaczynski forsetaframbjóðandi hafa mælt fyrir því að dauðarefsingar skuli teknar upp sem meðal til þess að berjast gegn glæpum og spillingu.

Flokkur Kaczynskis sigraði í kosningunum í Póllandi um helgina með tæp 27 prósentum atkvæða.



LYNNIE ENGLAND Á leið til réttarhalds.

Fangar í Abu Graib:

## Fundin sek um misnotkun

**TEXAS, AP** Kvíðdómur í herraði í Texas úrskurðaði í gærkvöld Lynnied England seka um illa meðferð á fongum, ófyrirleitna framkomu og samsæri. Kæran var í sjö liðum og var hún sek af sex þeirra.

Myndir af England brosandinn um nakta fanga í Abu Graib fangelsinu í Írak vöktu heimsatryggl og hneykslan. Kvíðdómurinn var skipaður fimm hermönnum sem einnig munu kveða upp hæfilega refsingu. England á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**EINN FASTUR Á KLETTHÁLSI** Bíll festist í ófærð á Kletthálsi í gær og þurfti aðstoð björgunarsveitar til þess að losa hann. Í bílnum voru erlendir ferðamenn og telur lögreglan á Patreksfirði að þeir hafi metið aðstoður harla rangt en þetta var eini bíllinn sem lagði á fjallið þann daginn.

## HJÓLHÝSI FAUK Í HVASSVIÐRI

Stórt hjólhýsi f auk í heilan hring á tjaldstæðinu á Skagaströnd í hvassviðri sem þar gekk yfir í gær. Að sögn lögreglu var mjög hvasst. Hjólhýsið var af stærstu gerð, á tveimur öxlum en f auk þó.

## LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám

Helstu námsgreinar:

- Saga landsins og helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Menningartengd ferðapjónusta, jarðfræði, bókmenntir, skyndihjálp o.m.fl.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.

Umsögn: Námið fór fram úr mínum björtustu vonum.

Ég hef ferðast mikið um landið, en þrátt fyrir það það óðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum.

Námið er hnitmiðað og skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám.



Marta Jensdóttir

## FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS

Bildshöfða 18, S: 567-1466

Opið til 22:00

[www.menntun.is](http://www.menntun.is)

Heimilisofbeldismál í Héraðsdómi Reykjaness:

## Barði og skar konu

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður neitaði sök í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar tekið var fyrir heimilisofbeldismál á hendur honum.

Manninum er gefið að sök að hafa svipt konu frelsi sínu með því að halda henni fanginni á heimili sínu frá því klukkan fimm að morgni sunnudagsins 19. september í fyrra til klukkan tíu þegar henni tókst að komast út.

Hann er kærður fyrir hótanir og líkamsmeiðingar fyrir að hafa borið hnif með hálsi konunnar og fyrir að skera hana á fingri þegar hún reyndi að losna. Þá er hann kærður fyrir líkamsárás en hann barði konuna og sparkaði í hana þannig að stórsá á henni, auk þess að hann þrengdi að hálsi hennar og reif í hár hennar.

Konan hlaut samkvæmt ákæru tvo margúla, blæðandi bletti í höf-



Í HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS Tekið var fyrir í gær mál manns sem beitti konu sína margvislegu ofbeldi, meinaði henni að yfirgefa íbúð, hótad með hnifi og barði þannig að stórsá á henni.

uðleðri, glóðarauga á bæði augu, mar á andliti, hálsi, brjóstum, handlegg, lorum og víðar, auk rispa og klárs í andliti og á höfði. Hún krefst einnar milljónar króna í miskabætur. Aðalmeðferð verður í málinu í byrjun nóvember.

- óká

Gerir tilkall til krúnunnar  
þrátt fyrir ungan aldur.



VIÐURKENNT SÖLU-  
OG ÞJÓNUSTUUMBOD  
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR  
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR  
HRADÞJÓNUSTA

## Nýr B-Class.

B-Class er nýjasta stjarnan í Mercedes-Benz fjölskyldunni. Glæsileg hönnun og einstakir aksturseiginleikar gera hann óviðjafnanlegan. Hann er sportlegur, en hugsaður fyrir fjölskylduna og því mjög rúmgóður. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan B-Class. Hann kostar frá 2.690.000 kr. og fæst bæði með bensín- og dísilvél.



Mercedes-Benz

**GENGIÐ**

GENGI GJALDMÍÐLA 26.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,61	61,91
Sterlingspund GBP	110,03	110,57
Evra EUR	74,66	75,08
Dönsk króna DKK	10,004	10,062
Norsk króna NOK	9,582	9,638
Sænsk króna SEK	7,97	8,016
Japanskt jen JPY	0,5524	0,5556
SDR	XDR	89,74
		90,28

Gengivísitala krónunnar  
104,9294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikil aðsókn á visir.is:

**Notkunin tvöfaldaðist**

**FJÖLMIÐLAR** „Um það bil þrjátíu þúsund notendur reyndu að fara samtímis inn á vefinn visir.is í hádeginu í gær,“ segir Þorsteinn Eyfjörð, forstöðumaður vefútgáfu Vísis. Þorsteinn segir að vélbúnaður hafi ekki annað þessari eftirspurn, en véllum hafi verið bætt við og nú eigi vefurinn að þola meiri aðsókn en áður.

Þorsteinn segir mikil viðbrögð hafa verið á vefnum við nýjustu fréttum og pistlum. „Í gærmorgun varð tvöföldun á notkun vefsins,“ segir Þorsteinn.

- saj



**ÓFRESKJA** Hvítháfar eru engin lömb að leika við.

Brimbrettakappi:

**Slapp úr hákarlsskolti**

**ÁSTRALÍA** Betur fór en á horfðist á sunnudaginn þegar fimm metra langur hvítháfur hremmdi ástralskan brimbrettakappa, Josh Berris að nafni, í sjónum úti fyrir Kengúrueyju við sunnanverða Ástralíu.

Hákarlinn læsti tönnunum í Berris sem braust um á hæl og hnakka en skömmu síðar komu vinir hans honum til bjargar og drógu hann að landi.

Hvítháfar eru friðaðir en þeir hafa fært sig upp á skaftið að undanförmu. Á síðastliðnum fimm árum hafa fimm manns orðið hvítháfum að bráð á þessum slóðum. ■

Mál Hákonar Eydal flutt í Hæstarétti:

**Vill lækkun refsingar**

**DÓMSMÁL** Mál Hákonar Eydal, sem banaði fyrrverandi sambýliskonu sinni og barnsmóður, Sri Rahmawati í fyrrasumar, var flutt í Hæstarétti í gær. Dóms er að vænta innan tíðar.

Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður fer með mál Hákonar, en um flutning þess í gær sá Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmaður, en málið er hans þriðja prófmál. Brynjar segir helst horft til refsiaðkvörðunar dómsins, en í héraði var Hákon dæmdur í sextán ára fangelsi, auk þess að greiða börnum Sri 22 milljónir króna í skaðabætur. Brynjar telur ákveðnar aðstæður fyrir hendi

sem leitt gætu til lækkunar refsingar Hákonar þar sem afbrot hans hafi verið framið í mikilli geðhræringu.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í mars síðastliðnum kemur fram að ákvörðun refsingar hafi að nokkru ráðist af framferði Hákonar eftir morðið, en hann reyndi að afmá ummerki og leyndi gjörðum sínum. Lík Sri Rahmawati fannst ekki fyrir eftir viðamikla leit, um mánuði eftir að hún var myrt, en því hafði verið fyrir komið í djúpri og þröngri hraunsprungu sunnan Hafnarfjarðar.

- óká



**VIÐ DÓMSUPPKVAÐNINGU Í MARS** Hákon Eydal kemur út úr dómsal 202 eftir að kveðinn var upp yfir honum dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur snemma á árinu.



**FORSÞRAKINN** Imad Yarkas var dæmdur í 27 ára fangelsi fyrir samsæri og að hafa leitt al-Kaída sellu á Spáni.

**Sakborningar segja dóminn farsakenndan**

Átján manns voru í gær dæmdir á Spáni fyrir aðild að hryðjuverkaárásunum 11. september, þar á meðal fréttamaður sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazeera. Sakborningarnir halda fram sakleysi sínu og segja að um skrípaleik sé að ræða.

**HRYÐJUVERK** Hæstiréttur Spánar dæmdi í gær átján menn í fangelsi fyrir aðild að hryðjuverkaárásunum í Bandaríkjunum 11. september 2001. Arabíska sjónvarpsstöðin Al-Jazeera hefur áfrýjað dómi yfir einum sakborninganna en hann vann sem fréttamaður fyrir stöðina.

Réttarhöldin sem fram fóru í Madríd eru þau umfangsmestu sem fram hafa farið í Evrópu yfir grunuðum hryðjuverkamönnum en sakborningarnir eru jafnframt þeir fyrstu sem dæmdir eru sekir fyrir að hafa átt þátt í hryðjuverkaárásunum 11. september.

Þyngsta dóminn hlaut Sýrlendingurinn Imad Yarkas, einnig þekktur sem Abu Dahdah, en hann var dæmdur í 27 ára fangelsi fyrir samsæri og að vera í forsvari fyrir spænska sellu al-

Kaída. Yarkas var ákærður fyrir að hafa komið á fundi al-Kaída liða í Tarragona á Spáni í júlí 2001 þar sem dagsetning árásanna var endanlega ákveðin, en fundinn sótti meðal annarra Mohammed Atta, forspraki árásarmannanna 11. september. Saksóknarar vildu láta dæma Yakas í 74.377 ára fangelsi, 25 ár fyrir hvert fórnarlambanna 2.973, en dómarnir töldu ekki nægar sannanir til að dæma hann fyrir morð.

Lögmenn Yarkas telja tilgangslaut að áfrýja dómnum þar sem um skrípaleik og ofsóknir séu að ræða.

Sautján aðrir voru dæmdir í 6-11 ára fangelsi. Þar á meðal er fréttamaður arabísku sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazeera, Taysir Alluni, en hann var fundinn sekur um að hafa átt í samstarfi við al-

Kaída. Alluni hefur rétt eins og hinir sakborningarnir ávallt haldið fram sakleysi sínu en hann tók viðtali við Osama bin Laden í Afganistan nokkrum vikum eftir að árásirnar voru gerðar 11. september. Sjónvarpsstöðin hefur þegar ákveðið að áfrýja dómnum en framkvæmdastjóri hennar sagði í viðtali í gær að hann væri afar óréttlátur og væri fordæmalaus árás á blaðamenn sem væru að sinna sínu starfi.

Sex þeirra sem voru ákærðir voru dæmdir sýknir saka. Á meðal þeirra var Ghasoub al-Abrash Ghalyoun. Honum var gefið að sök að hafa tekið nákvæmar myndir af tvíburaturnunum í New York árið 1997 og komið myndunum til al-Kaída en dómarnir töldu ekkert benda til þess.

sveinng@frettabladid.is

Vargöld í Írak:

**Kennarar teknir af lífi**

**BAGDAD. AP** Fimm grunnskólakennarar voru teknir af lífi í þorpinu Muelha, skammt suður af Bagdad í gær. Kennararnir, sem allir voru úr hópi sjá, voru á leið heim úr vinnu þegar uppreisnarmenn, dulbúnir sem lögreglumenn, stöðvuðu bifreið þeirra, leiddu þá aftur inn í kennslustofu og skutu til bana. Þá létust sjö íraskir lögreglumenn og þrjár borgarar þegar bílsprengja sprakk við vegatálma í Bagdad.

Bandaríkjamenn létu í gær 500 fanga lausa úr Abu Ghraib fangelsinu til að bláka súnnía fyrir atkvæðagreiðsluna um stjórnarskrárdrög sem haldin verður eftir þrjár vikur. ■

Höfundarréttarbrot:

**Aftur fjallað um Halldór**

**DÓMSMÁL** Tekið var fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur mál Auðar Laxness á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni fyrir höfundarréttarbrot við ritun á bókinni Halldór, um Nóbelskálðið Halldór Kiljan Laxness. Málinu hafði áður verið vísað frá, en var aftur vísað heim í hérað af Hæstarétti.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari sagði málið verða tekið fyrir aftur undir lok október í millipinghaldi og þá væntanlega fundinn tími fyrir aðalmeðferð. „Nema að málsaðilar komi sér saman um sættir,“ sagði hann og uppskar hlátur lögmanna. - óká



**BÁTURINN** Stórt gat kom á bátinn þegar hann steytti á skerinu.

Sjóslys á Viðeyjarsundi:

**Rannsókn enn í gangi**

**LÖGREGLA** Enn stendur yfir rannsókn lögreglu á slysi sem varð á Viðeyjarsundi tíunda þessa mánaðar þegar skemmtibátur steytti á Skarfaskeri með þeim afleiðingum að tvö fórust.

Hördur Jóhannesson yfirlögregluþjónn sagði ekkert nýtt að fréttu af rannsókninni, en þó hyllti nú undir lok hennar. Hann bjóst við að mál tækju að skýrast þegar nær drágu vikulokum.

Í slysinu komust eigandi bátsins og eiginkona hans af sem og tíu ára sonur þeirra lítið meiddur. Maðurinn tvílerbrotnaði og konan rifbeinsbrotnaði. - óká

**Alltaf einfalt****Ódýrt bensín**

**15 stöðvar!**  
www.ob.is


**VEÐURSPÁ**

um hádegi &gt;&gt;

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR Á VESTFÖRÐUM EINKUM Á HEIÐUM** Það verður áfram mjög hvasst á Vestföörum, norðvestan til og á Snæfellsnesi. Talsverða úrkomu er að sjá frá Vestföörum vestri og að Langanesi í austri. Minni verður úrkomu á Héraði og Homafirði. Á Vestföörum og á heiðum gæti úrkomu fallið sem skydda og því nauðsynlegt fyrir ferðalanga að fylgjast með færð á vegum á heimasíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is.

**HÖRFUR Í HÖFUÐ-BORGinni** Ákveðin norðan átt einkum síðdegis. Skýjað og úrkomulaust. Hiti 5 - 9 stíg.



Kaupmannahöfn	17°C léttskýjað	París	21°C skýjað/skúr	Alicante	25°C léttskýjað
Oslo	14°C skúr	Berlín	20°C léttskýjað	Milano	24°C hálfskýjað
Stokkhólmur	21°C léttskýjað	Frankfurt	21°C hálfskýjað	New York	24°C léttskýjað
Helsinki	17°C hálfskýjað	Madrid	25°C hálfskýjað	San Francisco	22°C léttskýjað
London	20°C léttskýjað	Barcelona	23°C hálfskýjað	Orlando/Florida	33°C skýjað/skúr

\* Sveði þar sem búast má við viðtærverfi vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

## „SAMIRA“

Mottur eru ávallt klassískar í persneskum mynstrum.

St. 58 x 110 sm.....	<del>790,-</del>	Verð nú aðeins.....	<b>395,-</b>
St. 77 x 150 sm.....	<del>1.490,-</del>	Verð nú aðeins.....	<b>745,-</b>
St. 115 x 160 sm...	<del>1.990,-</del>	Verð nú aðeins.....	<b>995,-</b>
St. 160 x 225 sm...	<del>3.990,-</del>	Verð nú aðeins...	<b>1.995,-</b>
St. 180 x 255 sm...	<del>4.990,-</del>	Verð nú aðeins	<b>2.495,-</b>
St. 77 x 325 sm.....	<del>2.990,-</del>	Verð nú aðeins..	<b>1.495,-</b>



**50%  
AFSLÁTTUR**

# ÓTRÚLEG VERÐ Á VÖLDUM VÖRUM

ATH. ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÞEIM VÖRUM SEM Í BODI ERU!



Verð frá: ~~990,-~~

**NÚ AÐEINS  
199,-**



ÁÐUR ~~990,-~~

**NÚ AÐEINS  
299,-**

GLERVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!



Verð frá: ~~399,-~~

**NÚ AÐEINS  
99,-**



Verð frá: ~~1.290,-~~

„OXFORD“SKYRTUR

**NÚ AÐEINS  
499,-**

VIÐAR  
ARINKUBBAR



College sokkar  
á dömur og herra  
10 stk. í pakka

VERÐ ÁÐUR: ~~990,-~~

**NÚ AÐEINS  
790,-**

-góð  
kaup

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



## KJÖRKASSINN

Er veturinn kominn?

Niðurstöður gærdagsins á **visir.is**

Já	64%
Nei	36%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlarðu á skiði í vetur?

Farðu inn á fréttahluta **visir.is** og segðu þína skoðun



Styrmir Gunnarsson svarar spurningum starfsmanna Morgunblaðsins:

# Hæfur til að ritstýra fréttum

**BAUGSMÁL** Á tveggja klukkustunda fundi í gær gerði Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, starfsmönnum blaðsins grein fyrir afskiptum sínum af Baugsmálinu og afstöðu sinni til upplýsinga sem Fréttablaðið hefur birt undanfarna daga um meðferð hans á gögnum sem málinu tengjast.

Spurt var marga gagnrýnna spurninga um tölvupóst og fleira. Fundarmenn, sem Fréttablaðið talaði við í gær, töldu lofsvert að ritstjórnin hefði kynnt sér Baugsmálið og gögn þess vel en lýstu efasemdum um að virk afskipti hans af framvindu málsins væru Morgunblaðinu til framdráttar.

Fundinum lauk með lófataki.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins taldi Styrmir sig geta ritstýrt áfram fréttum Morgunblaðsins af Baugsmálinu þrátt fyrir það sem fram hefur komið. Ef Morgunblaðið biði hnekki og trúverðugleiki þess yrði dreginn í efa svo einhverju næmi myndi hann hins vegar íhuga afsögn.

Gerð er grein fyrir efni fundarins á síðum Morgunblaðsins í dag. - jh

**STYRMIR GUNNARSSON RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS** Endurskoðar afstöðu sína ef trúverðugleiki blaðsins verður dreginn í efa svo einhverju nemi.



Davíð Oddsson:

## Fjölmiðlar misnotaðir

**BAUGSMÁL** Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fráfariandi utanríkisráðherra, segir að fjölmiðlar láti misnota sig.

Í samtali við Fréttastofu útvarpsins í gær sagði hann umfjöllun um aðdraganda Baugsákæru og því hvernig einstaklingar úr forystu flokksins hefðu komið að málinu alls ekki snúast um fréttir heldur um ótrúverðuga fjölmiðla og stuld á persónulegum gögnum einstaklinga og innrás í einkalíf þeirra. „Ég er ekkert undrandi á fjölmiðlum Baugs sem eru misnotaðir með þessum hætti. Ég er hissa á Fréttastofu útvarpsins að hafa látið fara svona með sig,“ sagði Davíð. - jh

# Yfirlýsing stangast á við viðtal

Jón Gerald Sullenberger sagði við Fréttablaðið á sunnudag að hann hefði ekki gefið lögmanni sínum, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, leyfi til að senda gögn í málinu til Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins. Degi síðar segist Jón Gerald hafa veitt skriflegt leyfi.

**BAUGSMÁL** Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Jón Steinar Gunnlaugsson, þá lögmaður Jóns Gerald Sullenberger í Baugsmálinu, hefði sent Styrmis Gunnarssyni gögn um málið án vitundar eða samþykkis Jóns Gerald. Jón Gerald staðfesti það í viðtali við Fréttablaðið, sunnudaginn 26. september, eins og fram kemur hér að neðan. Í yfirlýsingum sem Jón Gerald og Jón Steinar sendu frá sér í gær segir hins vegar að gögnin hafi verið send með skriflegu leyfi Jóns Gerald.

**Viðtal við Jón Gerald 25. september**

**Fréttablaðið:** „Varðandi tölvupóstana milli þín og Tryggva sem þú sendir til Jóns Steinars 20. júní 2002. Gafst þú Jóni Steinari heimild til að áframsenda þau gögn til Styrmis Gunnarssonar?“

**Jón Gerald:** „Ég sendi lögmanni mínum gögn því ég er að ráðfæra mig við hann. En ef þú ert að spyrja mig hvort ég hafi gefið leyfi, sagt: „Jón, þú mátt senda þetta til Morgunblaðsins,“ nei ég man ekki eftir því. Aftur á móti bannaði ég það aldrei heldur.“

**Fréttablaðið:** „Spurði hann þig um það?“

**Jón Gerald:** „Nei, ég get ekki munað það. Annars finnst mér það aukaatriði því ég er að leita mér ráðleggingar og treysti honum 100 prósent og því sem hann gerir.“

[...]

**Fréttablaðið:** „Kannstu ekki



**JÓN GERALD** Sagði á sunnudag að hann hefði ekki veitt Jóni Steinari, lögmanni sínum, leyfi til að senda gögn til Morgunblaðsins.

við að hafa veitt Jóni Steinari leyfi til þess að senda þessi gögn áfram?“

**Jón Gerald:** „Nei, ég kannast ekki við það. Ég bara veit að ég treysti honum fyrir því að hann væri að vinna af heilum hug að mínu máli.“

[...]

**Fréttablaðið:** „Ef Jón Steinar hefur sent þessi gögn til Styrmis án vitundar þinnar eða samþykk-



**JÓN GERALD** Yfirlýsing Jóns Gerald frá í gær stangast á við viðtalið sem hann veitti Fréttablaðinu á sunnudaginn.

is er hann skaðabótaskyldur gagnvart þér. Munt þú skoða það mál?“

**Jón Gerald:** „Nei, ég mun ekki gera það enda hefur hann unnið vel að mínu máli sem sést af því að Baugsmenn gengu að öllum mínum kröfum sem ég fór fram á við þá, þegjandi og hljóðalaust.“

**Fréttablaðið:** „Þannig að þér finnst það ekki skipta neinu máli að hann hafi brotið trúnað við þig

og sent Styrmis þessi gögn án þinnar vitundar?“

**Jón Gerald:** „Nei, mér finnst það ekki skipta máli.“

[...]

**Fréttablaðið:** „Finnst þér eðlileg vinnubrögð hjá lögmanni að senda gögn frá skjólstæðingi sínum til þriðja aðila án þess að fá til þess samþykki?“

**Jón Gerald:** „Þetta mál er náttúrulega allt mjög óeðlilegt. Ég treysti Jóni Steinari fyrir mínu máli og fannst hann hafa staðið sig vel. Það hefur ekkert skaðað mig og minn málflutning að hann gerði þetta.“

**Yfirlýsing Jóns Gerald 26. september**

„Í tilefni af forsiðufrétt Fréttablaðsins í dag 26. september 2005 vil ég koma eftirfarandi á framfæri:

Í gær 25. september hafði fréttamaður frá Fréttablaðinu samband við mig og óskaði eftir því að ég staðfesti það, að hafa gefið Jóni Steinari Gunnlaugssyni heimild til þess að senda Styrmis Gunnarssyni gögn, sem hún hafði undir höndum. Ég sagðist ekki geta staðfest það við hana þar sem mér var ekki kunnugt um hvaða gögn hún væri að vitna í. Hins vegar staðfesti ég, án nokkurs fyrirvara, að Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður minn, tók aldrei nein- ar ákvarðanir varðandi mitt mál, án minnar fullrar vitundar og samþykkis.“

sda@frettabladid.is



**ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR ÚTVARPSSTJÓRI** Arnþrúður komst ekki í viðtal í Kastljósi.

Arnþrúður Karlsdóttir:

## Treysti sér ekki

**BAUGSMÁL** „Það var bara svolítið persónulegt sem kom upp á sem gerði það að verkum að ég treysti mér ekki í þá einbeitingu sem þarf til þess að vera í beinni útsendingu,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Útvarpi sögu.

Meiningin var að Arnþrúður yrði til viðtals í Kastljósi Ríkissjónvarpsins á sunnudagskvöld, þar sem hún ætlaði að hafa með sér gögn sem tengdust Baugsmálinu, en af því varð ekki. Hún ítrekar að ekki sé við þáttastjórnendur að sakast. - saj

Ásakanir á Og Vodafone:

## Óska eftir rannsókn

**BAUGSMÁL** Og Vodafone hefur sent þá beiðni til Póst- og fjarskiptastofnunar að rannsókn fari fram á þeim ásökunum sem Jónína Benediktssdóttir bar á fyrirtækið í fréttum Bylgjunnar á sunnudag.

Í yfirlýsingu frá Og Vodafone segir að það sé óvildunandi fyrir fyrirtækið, starfsfólk og viðskiptavinum að slíkt sé borið fram án rökstuðnings. Fyrirtækið hefur beðið um að málið verði rannsakað hratt til þess að hægt sé að hreinsa það af þessum ásökunum sem fyrst. - saj



- Lífið heil

www.lyfja.is

**Ólífulaufspykni**  
HALTU FLENSUNNI FRÁ MEÐ ÓLÍFULAUFSPYKNI

Ólífulauf inniheldur oleuropein, efni sem er mjög virkt gegn örverum. Virka efnið oleuropein veldur veikum marvíslegum trufnum: það rýfur aminósýrumyndun veirunnar, hamlar skiptingu hennar og það veikir ensímum sem veiran þarf til að bjótask inn í heilbrigðar frumur. Ákveðin veira, RV, er algengasta orsök kvefs en talið er að allt að 40% kvefesta sé vegna hennar. Þessi veira þolir mikinn hita og mikinn kulda auk þess sem sýklalyf hafa ekki áhrif á veirur yfirleitt. Til eru þrenns konar flensuveirur, A, B og C, þar sem A er skaðust en C mildust. Margir telja að ólífulauf virki á allar þessar tegundir og stofna þeirra. Ólífulaufshylki eru afar missterk og er best að nota efni sem inniheldur 18% oleuropein með 250 mg eða meira í töflu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringslíni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmur - Búðardal - Húsvík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarás

Yfirlýsing frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni:

## Gögnin send áfram með samþykki

**BAUGSMÁL** Vegna fréttar á forsiðu Fréttablaðsins í dag sendi Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

„Í tilefni af forsiðufrétt Fréttablaðsins í dag 26. september 2005 sé ég ástæðu til að taka fram eftirfarandi.

Í byrjun júlí 2002 óskaði þáverandi umboðandi minn Jón Gerald Sullenberger eftir að ég sendi gögn, sem hann hafði sent mér, áfram til Styrmis Gunnarssonar ritstjóra Morgunblaðsins. Í samræmi við starfsvenjur mína sem lögmaður óskaði ég eftir að hann staðfesti þessa ósk sína til mín. Það gerði hann með tölvubréfi 5. júlí 2002 sem hljóðaði svo: „Ég veiti Jóni Steinari Gunnlaugssyni heimild til þess að sýna Styrmis Gunnarssyni gögnin sem ég hef sent. Birting er ekki heimil á minnar vitundar á neinu sem þarna er.“

Virðingarfyllst, Jón Gerald Sullenberger.

Tekið skal fram að Jón Gerald hefur í samtali við mig stað-



**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON** Segist ekki hafa gert neitt án óska skjólstæðings síns og hefur nú fengið það skriflegt.

fest að svona hafi þetta gengið fyrir sig og samþykkt að ég léti

af hendi við fjölmiðla ljósrit af tölvubréfinu.“ ■

# GJÖRBBREYTTUR NÝR GRAND VITARA ER KOMINN



Verð frá kr. 2.690 þús.

Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla. Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



Hugabók, Sep. 05



## SUZUKI

*...er lífsstill!*



SUZUKI BÍLAR HF.  
Skeifunni 17. Sími 568 5100.  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)



## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir nýkrýndur heimsmeistari í Formúlu 1 kappakstri?
- 2 Hvaða kosningar fóru fram í Alþjóða-húsinu um helgina?
- 3 Hvað heitir prinsinn frá Lúxemborg sem á von á barni aðeins 19 ára gamall?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Lögreglan svarar vegna nauðgunarrannsóknar:

# Gerðu allt til að upplýsa málið

**DÓMSMÁL** „Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til að upplýsa þetta mál,“ segir Ingimundur Einarsson, varalögrelustjóri í Reykjavík, um rannsókn á máli þar sem þrjú menn nauðguðu konu. Ekki var ákært í málinu en konan vann einkamál fyrir rétti.

Lögreglan segir rannsókn hafa undir eins farið af stað. Einn gerenda hafi fundist á vettvangi daginn eftir og hafi strax verið fluttur í skýrslutöku og lækni-sköðun og húsið rannsakað til hins ýtrasta. Ekkert á vettvangi benti hins vegar til þess að ofbeldisverknður hefði verið framinn og ekki voru sýnilegir

áverkar á fórnarlambinu.

Eftir skýrslutökuna lá ekki fyrir hverjir hinir gerendurnir voru þar sem upplýsingar lög-reglu voru misvísandi. Því hafi ekki verið hægt að yfirheyrja þá strax og það var ekki fyrir en eftir helgi sem lögregla taldi sig vita hver annar þeirra væri. Hann hafi þá verið á sjó, en verið tekinn í skýrslutöku við fyrsta tækifæri. Þá hafi nafn þriðja gerandans komið í ljós og var hann yfir-heyrður daginn eftir.

Þótt langur tími hafi liðið milli yfirheyrslna yfir mönnum segir lögreglan að þeir virðist ekki hafa samræmt frásögnina. - grs



INGIMUNDUR EINARSSON Varafrikis-lög-reglustjóri segir lögregluna hafa gert allt sem í sínu valdi stóð.

Lífstíðarfangelsi:

## Myrti sextán mánaða barn

**BANDARÍKIN.** AP Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í 48 ára fangelsi í Colorado í Bandaríkjunum fyrir að myrt 16 mánaða gamlan son fyrrverandi kærustu sinnar.

Drengurinn lést fyrir tveimur árum þegar maðurinn var að passa hann. Maðurinn viðurkenni fyrir dómi að hafa hrist barnið þar til það fór að anda óreglulega og kasta upp. Þá fór maðurinn með drenginn inn á baðherbergi og lamdi höfðinu á honum í baðkarið. Við krufningu kom í ljós að drengurinn lést vegna alvarlegra höfuðá-verka. ■

## Höfuðborgin: Íkveikjur í rannsókn

**LÖGREGLA** Ekki hafa komið fram nýjar vísbendingar í rannsókn lögreglu í Reykjavík á íkveikjum í höfuðborginni fyrstu helgina í september. Þá er grunur um íkveikju á að minnsta kosti fjórum stöðum í borginni, þar af tvisvar á sama stað með sólarhrings millibili í skemmu við Fiskislóð.

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögreluþjónn segir rannsókn halda áfram, en aldrei sé að vita í málum sem þessum hvenær frekari upplýsingar rekur á fjörur lögreglu. Þá segir hann að ekki hafi komið upp fleiri íkveikjur í borginni sem lögregla telji að tengist þessum. - óká

## LÖGREGLUFRETTIR

**ÁREKSTUR Á AKUREYRI** Nokkuð harður árekstur varð á Akureyri í gærmorgun. Fimm voru fluttir á slysideild til öryggis en reyndust allir vera með minniháttar meiðsl. Áreksturinn varð á mörku-m Mýrarvegs og Mímisvegs.

**45 Á OF MIKLUM HRAÐA** Lög-reglan á Keflavíkurflugvelli tók syrpu í hraðamælingum um helgina og mældi alls 45 öikumenn fyrir of hraðan akstur í umdæmi sínu. Mesti hraðinn mældist 172 kílómetrar og var ökumaðurinn sviptur ökuleyfi á staðnum.

# Sakir aðeins fyrndar að hluta

Efnahagsbrotadeild ríkislögrelustjóra rannsakar enn möguleg brot stjórnenda Lífeyrissjóðs Austurlands þó svo að sakir stjórnarmanna vegna eftirlitsábyrgðar kunni að vera fyrndar. Aðstandendur kæru hafa eftir lögreglu að það hylli undir lok rannsóknar.

**LÖGREGLA** „Ég hefði viljað sjá þetta mál rannsakað til fullnustu, enda óþolandi að hafa yfir höfði sér einhverjar óskilgreindar fyrndar sakir,“ segir Hrafnkell A. Jónsson, fyrrum stjórnarformaður Lífeyrissjóðs Austurlands. Hann hefur eftir starfsmanni efnahagsbrotadeildar ríkislögrelustjóra að sakir á hendur stjórnarmönnum

Kæra sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs Austurlands 10. apríl 2003 og fram-haldsákæra 16. júní sama ár: Krafist var rannsóknar á lánveitingum sjóðsins til Handsals hf. upp á rúmar 80 milljónir króna án veða, kaupa á hluta fé í óskráðu hlutafélagi, Stoke City Holding SA fyrir 56 milljónir króna árið 1999 á sama tíma og sjóðurinn átti meira fé í óskráðum félögum en lög leyfðu. Óskað var rannsóknar á stofnun framkvæmdastjóra og bókara sjóðsins á einkahlutafélaginu Dvergumum sjó, sem höndla átti með hlutabréf og önnur veðbréf. Kaup á 40 milljón króna skuldabréfi frá Burnham International sem gerð voru án vitundar stjórnar, lánveitingar upp á 2,2 milljónir króna umfram heimild til fyrrum framkvæmdastjóra sjóðsins og tvö lán upp á samtals 50 milljónir króna til félagsins Ísoldar ehf.

um lífeyrissjóðsins séu fyrndar, en það kom fram við skýrslutöku í lok ágúst.

Rannsókn málsins heldur þó áfram hjá ríkislögrelustjóra, en sakir í málinu munu ekki fyrndar nema að hluta. Þeir sem að kærinni standa hafa eftir yfirmanni rannsóknarinnar á fyrning ná til ábyrgðar stjórnarmanna, en ekki til mögulegra brota framkvæmdastjóra og bókara sjóðsins. Þá munu ekki fyrndar sakir fyrrverandi stjórnarmanns í sjóðnum vegna aðildar á kaupum í fótboltafélaginu Stoke City í Englandi. Sjóðsfélagar lífeyrissjóðsins kærðu í apríl 2003 stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda sjóðsins fyrir ólögmeata meðferð á fjármunum hans.

Hrafnkell segist alla tíð hafa litið svo á að málarekstur gegn stjórninni að minnsta kosti væri reistur á afskaplega veikum grunni, en telur mikilvægt að fá fram úrskurð um hversu langt eftirlitsskylda stjórnarmanna ná. „Er það þannig að stjórnarmenn eigi nánast að sitja á öxlinni á starfsmönnum sínum og passa upp á að þeir fari í öllu að lögum,“ segir hann og telur að ef til vill



**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR** Fjórir sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði Austurlands kærðu á vordögum 2003 meðferð fjármuna hjá sjóðnum, en frá þeim tíma hefur málið velkst hjá efnahagsbrotadeild ríkislögrelustjóra. Nú hefur komið í ljós að í byrjun þessa árs fyrndust sakir í málinu að hluta.

þurfi að gera auknar kröfur um sérþekkingu hjá þeim sem valdir eru til að sitja í stjórnum lífeyrissjóða. „Segja má að Lífeyrissjóður Austurlands hafi á þessum tíma ekki verið einn á báti í að veðja á rangan hest,“ segir hann um óarðbærar fjárfestingar og vísar til almenns þrýstings um að

fjárfesta á arðbæran hátt. „En það breytir náttúrulega ekki því að fjárfestingar voru að minnsta kosti að hluta til utan heimilda og um það snýst hugsanlegt ákærufni á stjórnarmenn. Bæði hvort þeir vissu og að hve miklu leyti þeir gátu borið ábyrgð á að sú leið var farin.“ olikr@frettabladid

**hollusta í hádegini**

Salatbox\* + ískaldur kristall 399 kr. \* stærð eitt

ferskt og frískandi

1011 ...þegar þér hentar



**TUNGUMÁLAÁHUGI** Færri framhaldsskólanemar leggja stund á nám í erlendum tungumálum en áður.

Unglingar missa áhugann á erlendum tungumálum:

## Færri unglingar læra aðrar tungur

**MENNTAMÁL** Færri grunn- og framhaldsskólanemar sýna erlendum tungumálum áhuga en áður, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.

Skólaárið 2003-2004 lögðu 73,9 prósent nemenda á framhaldsskóla stund á nám í einhverju erlendu tungumáli en ári síðar hafði hlutfallið lækkað í 73,0 prósent. Frá árinu 1999 hefur nemendum sem læra erlend tungumál fækkað um 2,8 prósentustig.

Í framhaldsskólum læra flestir nemandar ensku, danska situr í öðru sæti og þýska er þriðja algengasta

erlenda tungumálið. Franska og spænska eru minna vinsæl.

Enska er fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er í grunnskólum. Flestir grunnskólanemar hefja enskunám í fimmta bekk, og hefur þeim grunnskólanemum sem læra hana fjölgað síðustu ár. Jafnframt hefur þeim grunnskólanemum sem leggja stund á dönsku fjölgað síðustu ár, en flestir grunnskólanemar kjósa dönsku sem annað erlenda tungumál sitt. Einnig hefur norskunemum fjölgað, en sænskunemum grunnskóla hefur fækkað síðustu ár. - smk



**CITROËN**



**HAUST-UPPSKERA**  
C4 SALOON

C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Kaupverð 1.820.000 kr.  
Rekstrarleiga 31.900 kr.  
Bilasamningur 21.599 kr.

# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðuðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

### Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:

- Hraðastíllir
- Stíllanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjómrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Pokuljós í framstuðara
- 6 Öryggisúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislasplari með fjarstýringu í stýri
- 6 Háatalarar
- Aksturstólva
- Útihitamælir
- Illgjáfahólf
- Fjölstíllanlegt bílstjórásæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útspeglar
- Velti- og aðráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

### Mikið meira er betra. Skoðuðu aukabúnað C4 t.d.:

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus simabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakkskynjari
- Minibar/kællir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstýrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislasplari

Spurðu einnig um C4 dísil 110 hestöfl eyðir aðeins 4,7 lítrum í blönduðum akstri.

## Mikið af því góða er best.

**Nýttu þér haustuppskeruna - allt að 100.000 í afslátt af kaupverði.**



■ C3 SX Zone 5 gíra 1,4i 75 hö\*  
Kaupverð 1.449.000 kr.  
Rekstrarleiga 26.500 kr.  
Bilasamningur 16.980 kr.



■ Berlingo Multispace 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Kaupverð 1.649.000 kr.  
Rekstrarleiga 29.900 kr.  
Bilasamningur 19.646 kr.



■ C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6i 110 hö\*  
Kaupverð 1.589.000 kr.  
Rekstrarleiga 29.300 kr.  
Bilasamningur 18.606 kr.



■ C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Kaupverð 1.790.000 kr.  
Rekstrarleiga 31.300 kr.  
Bilasamningur 21.244 kr.



■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Kaupverð 1.820.000 kr.  
Rekstrarleiga 31.900 kr.  
Bilasamningur 21.599 kr.



■ C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö\*  
Kaupverð 2.410.000 kr.  
Rekstrarleiga 42.300 kr.  
Bilasamningur 28.602 kr.




■ Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8i 117 hö\*  
Kaupverð 1.859.000 kr.  
Rekstrarleiga 34.000 kr.  
Bilasamningur 22.069 kr.




■ C8 SX sjálfskiptur 2,0i 138 hö\*  
Kaupverð 2.999.000 kr.  
Rekstrarleiga 53.900 kr.  
Bilasamningur 35.892 kr.

Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun. Skoðuðu Citroën – ekta franskan munað.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veitir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sulumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

\* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð höð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bilasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk./50% erl.mynt.karfa. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er áfölgur, pokuljós og samlitun; af C4 er áfölgur; af Berlingo er pokuljós; af C8 er áfölgur og samlitun; Xsara Picasso er áfölgur og samlitun.

# ...bara á flugfelag.is

## 28. sept. - 4. okt.

Milli Reykjavíkur og

### AKUREYRAR

# 5.999 kr.

Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

### BÍLDUDALS

# 5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

### EGILSSTAÐA

# 6.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

### ÍSAFJARÐAR

# 5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

### SAUÐÁRKRÓKS

# 5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

### HORNAFJARÐAR

# 6.499 kr.

Milli Reykjavíkur og

### GJÖGURS

# 5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

### VESTMANNAEYJA

# 4.999 kr.

# flugfelag.is

Útgerðarmaður leitar að nýju skipi fyrir strandflutninga:

## Jaxlinn seldur úr landi

**STRANDSIGLINGAR** „Við erum ekki í neinni uppgjöf. Það hefur sýnt sig að það eru forsendur fyrir því að halda úti strandflutningum hér á landi og nú er þetta bara spurning um að hafa úthald,“ segir Ragnar Traustason, tannlæknir og útgerðarmaður Jaxlsins. Jaxlinn hefur verið gerður út til strandflutninga og hefur fyrst og fremst verið siglt milli hafna á Vestfjörðum og Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Ragnar staðfestir að til standi að selja Jaxlinn úr landi. „Við fengum tilboð sem við gátum ekki hafnað og leitum nú logandi ljósi að öðru skipi,“ segir Ragnar. Hann segir að nú þurfi útgerðin að fá



JAXLINN Útgerðin fékk tilboð í Jaxlinn sem ekki var hægt að hafna.

skip sem sé ekki endilega stærra en Jaxlinn en sé frekar hannað til þess að bera fleiri gáma en Jaxlinn er fær um.

- saj

## Svikafyrirtæki eykur enn umsvif sín hér


Svikafyrirtækið European City Guide er enn að auka umsvif sín hér á landi. Forráðamenn fyrirtækja eru gabbáðir til að samþykkja skráningu í gagnabanka án endurgjalds en síðan rukkaðir um tugi þúsunda.

**SVIKAMYLLA** Svikafyrirtækið European City Guide er enn starfrækt af fullum krafti hér á landi, að sögn Sigurðar Jónssonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu.

European City Guide fær forráðamenn fyrirtækja til að samþykkja skráningu í gagnabanka án endurgjalds. Síðan fá þeir sendar upplýsingar til að yfirfara og leiðrétta sem þeir staðfesta að lokum með undirskrift sinni. Með smáum lettri stendur hins vegar að undirskriftin jafngildi pöntun á skráningu í þrjú ár og hún kosti allt að 90 þúsund krónur á ári. Sumir hafa glapast á að borga einu sinni og talið þar með að málið væri úr sögunni.

„En það er síður en svo, því þá magnast þeir um allan helming og ganga harðar að fólki heldur en nokkru sinni fyrr, jafnvel með hótunum,“ segir Sigurður og bætir við að svo virðist sem umsvif svikafyrirtækisins hér á landi séu enn að aukast ef marka megi þær hringingar sem komi til SVP.

„Þeir virðast hafa tekið Ísland fyrir,“ segir Sigurður. „Reynsla okkar hefur verið sú að þessara svikara hefur orðið mest vart á vorin o g



HEIMASÍÐA EUROPEAN CITY GUIDE Íslenskir lögmenn og innheimtufyrirtæki hafa verið vörud við því að eiga viðskipti við fyrirtækið.

sumrin. En ennþá eru fyrirtæki að hringja í mig vegna þeirra. Um er að ræða ríkisfyrirtæki, bæjarfyrirtæki, hótél úti á landi og ýmsa smærri aðila sem eru að lenda í þeim. Við höfum fengið símtöl í hverri viku síðastliðna tvo mánuðina, þar sem fólk er að spyrja hvernig það eigi að bregðast við rúkkunum og hótunum frá þessu svikafyrirtæki.“

Sigurður segir að öllum sé ráðlagt það sama; að

hafna í upphafi kröfunni þar sem undirritun þeirra hafi verið fengin með sviksamlegum hætti. Þeir eigi jafnframt að hundsá allar innheimtuaðgerðir svikafyrirtækisins og innheimtufyrirtækja þess.

„Íslenskir lögmenn og innheimtufyrirtæki hafa verið vörud við þessum aðila og beðnir um að taka ekki kröfur hans til innheimtu,“ segir Sigurður enn fremur. „Samtök í atvinnulífinu munu ef þörf krefur aðstoða aðildarfyrirtækis sem í slíku lenda, en ekki eru enn þekkt slík dæmi.“

jss@frettabladid.is



SIGURÐUR JÓNSSON Varar forráðamenn fyrirtækja eindregið við því að láta svikafyrirtækið European City Guide hafa af sér fjármuni.

Mál unglækna fyrir Félagsdómi:

## Deilt um greiðslur vegna frítökuréttar

**DÓMSMÁL** Læknafélag Íslands rekur nú fyrir dómi tvö mál fyrir hönd unglækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Hið fyrra varðar viðurkenningu LSH á lögboðnum hvíldartíma unglækna, sem Fréttablaðið hefur greint frá, og er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hið síðara er fyrir Félagsdómi og snýst um að fá viðurkenningu hans á því að við greiðslu á 1/3 af uppsöfnuðum frítökurétti beri jafnframt að greiða viðbótarþætti, sé um þá að ræða á annað borð, þar sem þeir séu hluti af dagvinnulaunum. LSH og LÍ greininir á um þetta atriði.

Að sögn Gunnars Ármannssonar, lögmanns Læknafélagsins, er það álit ríkislögmanns að einnig hefði

átt að stefna St. Franciskusspítala í málinu þar sem hann væri aðili að kjarasamningnum. Læknafélagið heldur því fram að þar sem ekki hefði verið ágreiningur við St. Franciskusspítala og engar kröfur gerðar á hendur þeim spítala hefði ekki verið ástæða til að stefna honum einnig.

Dóms er að vænta fljótlegra, að sögn Gunnars. Annað hvort verður kveðinn upp efnisdómur um ágreininginn eða málinu verður vísað frá vegna framangreindra ástæðna. Ef svo fer að málinu verði vísað frá verður því stefnt inn aftur þar sem St. Franciskusspítala verður þá einnig stefnt.



UNGLÆKNAR Læknafélagið rekur mál unglækna fyrir dómi.

- jss

# CR-V

**HONDA**  
The Power of Dreams

## 4x4xinnkaupakerra



Verðlaun

Eftirsóttasti borgarjæppinn í sínum flokki (Edmunds.com)  
Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)  
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)  
Fyrsti borgarjæppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarækstrarprófi (NHTSA)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

**2.749.000** kr.

**28.715** kr. á mánuði\*

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum**  
**og kynntu þér bestu kaupin á borgarjæppa í dag** [honda.is](http://honda.is)



Fjór hjóladrífinn Honda CR-V er billinn með rými og drifgetu fyrir allan afraksturinn úr innkaupaleiðangrinum. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftþúðagardínur eru meðal þeirra atriða sem tryggja öryggi og aksturseginnleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan.

**Honda CR-V er glæsilegt dæmi um Honda áreiðanleika og Honda fjölhæfni á Honda-góðu verði.**



Umferðarhöppum útlendinga fer fjölgandi:

## Vanþekking veldur flestum slysum

**UMFERÐARÖRYGGI** Umferðarslys erlendra ferðamanna hafa tvöfaldast á síðustu fimm árunum, og haldast þessar tölur í hendur við fjölgun þeirra sem sækja Ísland heim sem og fjölda bílaleigubíla í landinu.

„Það má segja að eitt til tvö banaslys erlendra ferðamanna séu orðinn fastur liður í júlí og ágúst,“ segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, en hann er höfundur nýlegrar skýrslu um bílslys erlendra ferðamanna.

Af 626 slysum sem erlendir ferðamenn lentu í á árunum 2000 til 2004 voru sjö banaslys, og alvarleg meiðsla urðu í 18 tilvikum.

Flest slysanna má rekja til mistaka öikumanna, en lausamöl, of stutt á milli bifreiða og slæm færð eru einnig hátt á listanum.

„Algengasta ástæða þess að ferðamenn fórust í umferðarslysum undanfarnir ár er sú að þeir not-

uðu ekki bílbelti,“ segir Ágúst.

Vegagerðin hefur verið að setja upp blá skilti sem gefa upplýsingar um leiðbeinandi hraða í kröppum beygjum, og eins hefur komið til tals að setja upp viðvaranir á erlendum tungumálum þar sem bundið slitlag endar og lausamöl tekur við. Einnig er verið að útbúa bækinga, sem Ágúst vill helst að berist til erlendra ferðamanna með flugmiðanum.

**ÁGÚST MOGENSEN** Bílslysum erlendra ferðamanna fer fjölgandi og segir Rannsóknarnefnd umferðarslysa að nauðsynlegt sé að sporna við þessari þróun.



### FJÖLDI BÍLSLYSA ERLENDRA FERÐAMANNA SÍÐUSTU ÁR

Ár	Fjöldi slysa	Fjöldi bílaleigubíla
2000	84	2.321
2001	102	2.592
2002	125	2.863
2003	139	3.108
2004	176	3.915

Heimildir: Rannsóknarnefnd umferðarslysa



**VEL PAPPÍRSINS VIRÐI** Í gær fór fram uppboð á ýmsum poppminjum í uppboðshúsi Christie's í Lundúnum. Á boðstólum voru meðal annars frumdrög að texta Bítlalagsins „I'm only Sleeping“ en hann ritaði John Lennon. Búist var við að snífsið yrði slegið á 25 milljónir króna.



**MEINTUR FLUGUMÁÐUR** Sakborningarnir viðurkenndu í gær að hafa hlotið þjálfun í Kirgistan en talið er að þeir hafi verið pyntaðir til sagna.

Blóðbaðið í Andijan:

## Réttarhöldin sögð vafasöm

**TASKENT. AP** Þrjú sakborningar í dómsmáli vegna uppbotanna í Úsbekistan í maí viðurkenndu í gær að hafa fengið þjálfun í búðum herskára múslima í nágrennanríkinu Kirgistan. Þá segja vitni að Bandaríkjamenn hafi styrkt uppreisnarmennina.

Mannréttindasamtök telja að vitnisburðurinn hafi verið fenginn fram með pyntingum og að um sýndarréttarhöld sé að ræða.

Rúmlega 700 borgarar eru sagðir hafa beðið bana í aðgerðum lögreglunnar í Andijan í maí síðastliðnum. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir aðfarirnar, sem þau segja hafa verið nauðsynlegar til að berjja niður öfgamenn. ■

### SLÓVENÍA

**KOSIÐ UM RÍKISÚTVARP** Naumur meirihluta Slóvena, 50,2 prósent, greiddi í gær atkvæði með umdeildum lögum um ríkisútvarp landsins sem ríkisstjórnin fékk nýlega samþykkt á þingi. Andstæðingar frumvarpsins sögðu það til þess gert að treysta yfirráð stjórnvalda yfir ríkisfjölmiðlinum.

## Afvopnun IRA er staðreynd

Mikilvægum áfanga í átt til endanlegs friðar á Norður-Írlandi var náð í gær þegar óháð vopnaeftirlitsnefnd lýsti því yfir að Írski lýðveldisherinn hefði afvopnast að fullu. Mótmælendur hafa þó efasemdir um afvopnunina.

**NORÐUR-ÍRLAND** Síðustu vopnunum úr vopnabúrum Írsku lýðveldishersins IRA hefur verið eytt. Frá þessu skýrói óháð vopnaeftirlitsnefnd í gær. Þar með ætti vopnaðri baráttu lýðveldissinna gegn Bretum og sambandssinum að vera lokið.

„Afvopnun IRA er nú staðreynd,“ sagði John de Chastelain, kanadíski hershöfðinginn sem fór fyrir eftirlitsnefndinni á blaðamannafundi í Belfast á Norður-Írlandi í gær. Hann kynnti á fundinum ítarlega skýrslu nefndarinnar en fyrr um daginn hafði írsku og bresku ríkisstjórnunum verið kynnt efni hennar. Þar voru rakin störf nefndarinnar síðustu árin en stærstur hluti afvopunarinnar fór þó fram á síðastliðnum vikum eftir að IRA lýsti yfir í júlí síðastliðnum að vopnaðri baráttu sinni væri lokið.

Í vopnabúrum IRA á Írlandi og Norður-Írlandi var að finna vígbúnað af ýmsu tagi en stærstur hluti vopnanna fékk herinn snemma á níunda áratugnum frá Líbíumönnum.

**Bertie Ahern**, forsætisráðherra Írlands, sagði afvopnunina vera tímamótavíðburð. „Margir töldu að þessi dagur myndi aldrei renna upp. Margir töldu

að hann hefði fyrir löngu átt að vera runninn upp. Nú hefur það loksins gerst.“ Í svipaðan streng tók Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem sagði afvopnunina eiga að greiða fyrir friði í landinu. Martin McGuinness, aðalsamningamaður IRA, taldi að nú ætti efa um afvopnun samtakanna að hafa verið eytt. „Málið snýst um að koma friðarferlinu á skrið á ný og um framtíð Írlands.“

Sambandssinnar kveðast hins vegar vera langt frá því sannfærðir um að IRA hefði raunverulega afvopnast. Séra Ian Paisley, leiðtogi sambandssinna, sagði að lítið mark væri takandi á skýrslu vopnaeftirlitsnefndarinnar, sérstaklega vegna þess að IRA valdi klerkana tvo sem sitja í henni. Meðódistapresturinn séra Harold Good, sem sat í nefndinni sem fulltrúi mótmælenda, sagði hins vegar að enginn vafi léki á að afvopnunin væri staðreynd. Af þessum sökum er talið að enn verði nokkur bið á að samningaviðræður sambandssinna og lýðræðissinna hefjist á nýjan leik.

sveinng@frettabladid.is

**VOPNIN KVÖDD** Norður-írsku dagblöðin fjölluðu ítarlega um skýrslu afvopnunarnefndarinnar í gær. Þessum litla snáða í Belfast hefur engu að síður þótt vissara að taka leikfangabyssuna sína með sér að heiman.



www.visindi2005.is

Fyrsta kaffið í kvöld

## Ungir feitir Íslendingar

Dr. Erlingur Jóhannsson og dr. Inga Þórsdóttir

Kaffistjóri: Davíð Þór Jónsson, þýðandi.

Þriðjudaginn 27. september **Allir velkomnir!**

11001111010011  
Vísindin snerta þig

Vísindakaffi eru á þriðjudagskvöldum, hefjast kl. 20:00 og standa í klukkustund.

Frjár kaffiveitingar í sérstaklega merktum vísindadrykkjarkönnum verða í boði. Aðgangur er ókeypis og öllum opin meðan húsrúm leyfir.

## VÍSINDAKAFFI MEÐ ALMENNINGI

- vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við - á mannamáli

Dr. Erlingur Jóhannsson, dósent við Íþróttafraeðisetur Kennaraháskóla Íslands að Laugarvatni og dr. Inga Þórsdóttir, prófessor á Rannsóknarstofu í næringarfræði hjá Háskóla Íslands, ræða um offitu Íslendinga. Hvað er til ráða og hver ber ábyrgðina á feittum Íslendingum?

Verkefnið „Vísindin snerta þig“ er samstarfsverkefni Rannís við fjölmarga aðila og styrkt af mannaútsætlun Evrópusambandsins. Markmið þess er að vekja áhuga ungs fólks á vísindum og sýna með einföldum og lifandi hætti hvernig vísindin snerta daglegt líf okkar. Frá júní til nóvember verður boðið upp á fjölbreytta og forvitnilega dagskrá með ýmsum uppákomum og fyrirlesturum.



RANNÍS





**KATTLIÐUGIR** Júri Kuklatsjeff lætur hér einn af sínum tuttugu köttum sýna listir sínar. Fjölleikasýningin Moskvukettir stendur nú yfir í New York og er atriðið liður í henni.

Barist við fuglaflensu:

## Ástralar láta flensulyf í té

**FUGLAFLENSA** Ástralar munu gefa Indónesum 50 þúsund skammta af lyfinu Tamiflu til þess að hjálpa þeim að berjast við fuglaflensu sem þegar hefur dregið sex manns til dauða í Indónesíu.

Fuglaflensa hefur nú fundist í fiðurfénaði í tveimur þriðju af héruðum Indónesíu. Auk þeirra sex sem hafa látist eru á annan tug manna á sjúkrahúsi með einkenni sem svipar til einkenna veikinnar. Vonast er til að lyfið nýtist í baráttunni gegn sjúkdómnum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mun sjá um að dreifa lyfjunum þannig að hættan á því að veiran breiðist frekar út sé sem minnst. ■



**JAKARTA** Starfsmaður indónesíska landbúnaðarráðuneytisins úðar sóttþreinsiefni.

# KRÓNU PAPPÍR!!!

**ATH!!!**  
TILBOÐIN GILDA AÐEINS ÞESSA VIKU

**ALLTAF ÖÐYRARI**

verð áður: **6.990**

**4.990**

**1 KR PR.PK.**

**690**

**690**

**890**

**990**  
25. STK.

**690**  
10X15

**2 fyrir 1**

**1 KR PR.PK.**

**PÚ FÆRÐ PAPPÍRINN Á 1.KR MEÐ ÖLLUM BLEKHYLKJUM**

**DATALINE 90061**  
BLEKHYLKI

**XEROX**  
LJÓSRITUNARPAPPÍR

**FARTÖLVU**  
BAKPOKI

**CANON BCI-3EBK**  
BLEKHYLKI

**SKRIFANLEGIR CD**

**KODAK**  
LJÓSMYNDAPAPPÍR

Tilboðin gilda til 1.okt eða meðan birgðir endast.

**HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGENGI**

Skeifunni 11d  
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18  
Laugardaga 10-14



## RENAULT

### Renault Megane

# MEST SELDI BÍLL EVRÓPU

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Vönduð frönsk hönnun  
Einstök þægindi  
Fallegir litir   
5 stjörnu NCAP öryggi  
Einstaklega sparneytinn  
Hlaðinn staðalbúnaði  
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir  
**kr. 1.870.000**  
Bílasamningur / Bílalan  
**kr. 19.500** á mánuði\*

Aukahlutir á mynd: álfelgur  
Renault Megane II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskjiltur.  
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 ltr/100km í kjöraðstöðum.  
Mánaðargreiðslur mjóðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

## „ORÐRÉTT“

## Spurt er

Hvers vegna skyldi vera svo nauðsynlegt að losna við núverandi ritstjóra Morgunblaðsins?!

STYRMIR GUNNARSSON, RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS, UM BAUGSMÁLID Í MORGUNBLAÐINU.

## Vinsæll

„Til mín leitar alls konar fólk með alls konar erindi.“

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON, FRÉTTASTJÓRI STÖÐVAR 2, Í FRÉTTABLAÐINU UM MEINTAN FUND VID JÓNINU BENEDIKTSDÓTTUR.

# tilveran

nær og fjær

## ÁSTKÆRA YLHÝRA

## Mótin

Ein merking orðsins mót er samkoma eða fundur, samanber ættarmót, skátamót eða íþróttamót. Að ganga til móts við einhvern þýðir þannig að fara áleiðis á móti viðkomandi til fundar. Að koma til móts við einhvern er svipaðs eðlis, merkir að mæta kröfum eða væntingum á miðri leið, gefa eftir til að ná samkomulagi. En mót merkir einnig samskeyti eða skil. Á móts við bæinn þýðir þannig ekki í áttina að bænum, heldur gegnt honum, beint á móti honum. Verslunarmiðstöðin Kringlan er þannig á móts við Hús verslunarinnar. „Til móts við“ merkir sem sagt „í áttina að“ og gefur til kynna hreyfingu eða verknað en „á móts við“ merkir „gegnt“ og gefur til kynna staðsetningu.

magnus@frettabladid.is

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? RAGNAR PÁLL ÓLAFSSON ÚTVARPSMAÐUR

## Eltir konuna til Ameríku

„Ég er að fara að flytja til Bandaríkanna 6. október og verð þar næstu fjögur árin,“ segir Ragnar Páll Ólafsson sem er nýbúinn að segja upp störfum á Rás tvö þar sem hann hefur starfað í lengri tíma. „Ég er núna að koma Heiðu næturverði inn í mitt jobb,“ segir hann spenntur yfir yfirvofandi ferðalagi.

„Ástæðan fyrir því að ég er að flytja út er að ég er að elta konuna mína,“ segir Ragnar Páll sem gekk í hjónaband í mars á þessu ári. Eiginkona hans er bandarísk og vann í sjóhernum í Keflavík. Nú í sumar lauk herskyldu hennar hér á landi og hún hóf framhaldsnám í tannlækningum í haust.

„Ég mun byrja á því að leita mér að vinnu og taka því rólega fyrsta árið,“

segir Ragnar, sem stefnir á nám næsta haust sem mun að öllum líkindum tengjast fjölmiðlun enda er hún Ragnarari hugleikin. „Ég er búinn að starfa við þetta í tólf ár,“ segir Ragnar sem er þó ekki nema 31 árs.

Ragnar hefur komið að ýmiss konar þáttagerð í gegnum árin. Nú í sumar sá hann meðal annars um kvöldþátt milli átta og tíu og var umsjónarmaður Ungmennafélagsins. Íþróttir eru helsta áhugamál Ragnars fyrir utan vinnuna og hann hefur getað tengt hana vinnu sinni enda unnið náð með íþróttadeildinni í sumum þáttanna.

„Það er svona hnútur í maganum og nóg að gera áður en maður flytur út,“ segir Ragnar sem bæði er spennur og fullur tilhlökkunar yfir flutningunum.



REKIÐ AF FJALLI Snemma að morgni ríður hópur manna yfir í Kolbeinsdal þar sem stóðinu hefur verið safnað saman. Hrossin eru síðan rekin síðasta spólinn yfir í Hjaltadal og inn í Laufskálaréttir.



ÁTÖK Oft þurfa menn að beita nokkru afli til að koma hrossum inn í þann dilk sem við á. Hestarnir eru ekki alltaf sammála réttarmönnum um ágæti þess að yfirgefa almenninginn.

## Réttað í snjó og slyddu

Mikill fjöldi fólks leggur leið sína í Skagafjörð á hverju hausti til að upplifa stemningu stóðréttanna í Laufskálarétt. Réttarstörf á laugardag gengu vel þrátt fyrir snjókomu og hálfu.

Á hausti hverju leggur fjöldi fólks leið sína í Skagafjörðinn til að upplifa stemningu stóðréttanna í Laufskálarétt. Á því var engin breyting nú þrátt fyrir óvenjulegt veður, snjókomu og eljagang. Töldu elstu menn að ekki hefði verið réttað í slíku veðri síðan árið 1968 þegar réttað var í hriðarbyl.

Tvísýnt var á tímabili hvort yfirleitt yrði réttað en svo fór þó að lokum að stóðið var rekið úr Kolbeinsdal yfir í Hjaltadal þar sem réttirnar fóru fram. Talsvert færri riðu á móti stóðinu en venja er enda færðin ekki upp á marga

fiska og fótábúnaður hestanna ekki miðaður við slíkar vetrarhörkur.

Eftir að rekið hafði verið af fjalli rétt fyrir hádegi og menn höfðu nært sig á heimilum víða um sveitir þar sem oftar en ekki er boðið upp á kalt hangikjöt og uppstúf komu menn endurnærðir til starfa. Réttirnar gengu vel enda vanir menn að störfum. Flestir gestanna létu sér þó nægja að fylgjast með, þiggja brjóstbirtu og syngja söngva um fegurð Skagafjarðar. Þegar allir hestar voru komnir í réttan dilk og Steinþór Tryggvason fjallskilastjóri hafði talið hrossin ráku bændur og búalíð hesta sína heim á leið og fóru að undirbúa sig fyrir stórdansleik sem haldinn var í reiðhöllinni á Svastöðum og dilluðu sér þar um fimmtán hundruð manns við stórgóðan leik hljómsveitanna Vonar og Brimklóar.

solveig@frettabladid.is



BIRTIST ÚR ÞOKUNNI Þorsteinn Axelson, bóndi á Skúfsstöðum, hefur hér fundið hryssu sína Friðmeyju.



MARGUR ER KNÁR Hjalti Snær Njálsson er ekki hári loftinu en tekur þátt í réttarstörfum af krafti. Hann stíllti sér glaður upp með þessu nálega nýkastaða folaldi sem kom af fjalli öllum að óvörum enda átti móðirin ekki að vera fullfull.



HLAUPIÐ Í HRINGI Hrossin halda sig þétt saman og hlaupa í hringi í réttinni undan áköfum réttarmönnum.



MIKILMENNI Geir Jón Þórisson yfirlög-regluþjónn er fastagestur í Laufskálaréttum. Hér tekst hann á við að koma folaldi inn í dilk Ennis með dyggum stuðningi kjarnakonunnar Herðisar Hjaltadóttur sem flestir þekjka sem Lillu.



GAMAN Í RÉTTUM Baltasar Kormákur kvikmyndagerðarmaður hefur í ófá skipti komið í Laufskálaréttir enda annálaður hestamaður. Hér er hann ásamt eiginkonu sinni Lilju Pálmadóttur og Kristjáni B. Jónassyni, útgáfustjóra hjá Eddu forlagi.

**Talstöðin**  
FM 90,9

# DV

## HÓPNAUÐGUNAR- KLÚÐUR LÖGREGLU

*Forsprakkinn  
sjómaður sem hefur  
tvísvar verið sýknaður  
af nauðgun*

*Heiðar, Haukur og Karl  
voru dæmdir fyrir nauðgun  
en sluppu við refsingu*

*Þeir þegar aðrir þegja!*

# MAGNAÐUR



*Þú hefur aldrei séð neitt þessu líkt!*

**NÝR**

## SUBARU **B9 TRIBECA**

Subaru Tribeca er metnaðarfyllsti – og kannski besti – bíll sem Subaru hefur próað til þessa. Tribeca er 7 manna sportjeppi, búinn 3,0 lítra Boxer vél og Subaru aldrifi sem skila 250 hestöflum og einstökum aksturseiginleikum. Hann er með rafdrifinni sóllúgu og leðurinnréttingu. Hann er öðruvísi en allt annað á markaðnum, keppir við þá bestu en kostar mun minna. Hann er einfaldlega magnaður.

SJÁLFSKIPTUR 7 MANNA **VERÐ 4.750.000 kr.**

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a  
800 Selfossi  
482-3100

Eyjarlandi 1  
530 Hvammstanga  
451-2230

Sæmundargötu 3  
550 Sauðárkróki  
453-5141

Holtsgötu 52  
260 Njarðvík  
421-8808

Dalbraut 2b  
300 Akranesi  
431-1376

Víkurbraut 4  
780 Höfn í Hornafirði  
478-1990

Búðareyri 33  
730 Reyðarfjörður  
474-1453


Sindragötu 3  
400 Ísafjörður  
456-4540

Óseyri 5  
603 Akureyri  
461-2960

## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi ófrjósemisaðgerða

Heimild: HAGSTOFAN



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FRÉTTABLAÐIÐ GREINING: SU DOKU ÞRAUTIRNAR

## Sigurför um heiminn á fáeinum mánuðum

Su doku þrautirnar hafa náð miklum vinsældum síðustu ár og síðustu misserin hafa þær skotið upp kollinum í flestum stóru dagblöðunum hér á landi.

## Hvaðan er Su doku upprunið?

Ólíkt því sem margir halda er það ekki upprunið í Japan. Fyrstu þrautirnar voru gerðar af Bandaríkjamanninum Howard Garnes og birtust í þrautatímariti í New York undir lok áttunda áratugarins. Úr því tímariti barst þrautin til Japans um miðjan níunda áratuginn þar sem hún náði fljótt nokkrum vinsældum og nafnið Su doku festist við hana.

Kaflaskil urðu árið 2004 þegar fram kom tölvuforrit sem býr þrautirnar til í einni hendingu, en forritarinn var sex ár að þróa það. The Times í Bretlandi varð fyrsta blaðið til að birta Su doku þraut 12. nóvember það ár. Þann 23. febrúar í ár setti breska blaðið The Daily Telegraph þraut

7	2	4	3	5	9	8	1	6
9	3	8	6	1	4	7	5	2
5	1	6	7	8	2	4	3	9
3	4	5	8	9	1	2	6	7
6	9	7	5	2	3	1	8	4
2	8	1	4	7	0	5	9	3
8	7	9	2	3	5	6	4	1
1	6	2	9	4	8	3	7	5
4	5	3	1	6	7	9	2	8

ina á forsíðu blaðsins. Það reyndist auka sölu blaðsins og fyrir vikið fóru önnur blöð ekki aðeins að birta þrautirnar, heldur jafnframt að

auglýsa þær. Æðið breiddist síðan fljótt út frá Bretlandi.

Út á hvað gengur þrautin?

Borðið í þrautinni er 9x9 reitir sem skiptast í 3x3 hólf. Reglan er sú að hverri röð, línu og hólf eiga allar tölur frá 1-9 að koma og engin þeirra má koma tvisvar. Þrautirnar eru miserfiðar eftir því hve margar tölur eru gefnar upp í byrjun sem lesandinn getur unnið út frá.

## Hvað merkir nafnið?

Fyrst þegar þrautirnar birtust í Japan nefndust þær „Suji wa dokushin ni kagiru“ sem þýðir „Tölur mega aðeins koma fyrir einu sinni“. Það var síðar stýtt í Su Doku.

Í sinni fyrstu útgáfu hét þrautin „Number place“ eða „Staður tölunnar“. Þó að Su doku nafnið hafi fest við hana gengur hún undir ýmsum nöfnum. Skemmtilegasta dæmið er líklega í breska blaðinu The Sun, sem kallar þrautina Sun Doku.

## SPURT &amp; SVARAD

PÓLSKU ÞINGKOSNINGARNAR



KATRÍN GUÐMUNDSSON NEFNDARMAÐUR PÓLSKU ÞINGKOSNINGARNA

## Þörf á frekari auglýsingu

Um fimmtíu Pólverjar búsettir á Íslandi tóku þátt í pólsku þingkosningunum um helgina og kusu í Alþjóðahúsi Rauða krossins í Reykjavík, en sendiráð Pólverja á Íslandi er staðsett í Noregi. Rúmlega tvö þúsund Pólverjar búa á Íslandi.

## Af hverju varð Alþjóðahúsið fyrir valinu?

Við urðum að skipuleggja kosningar á góðum stað og okkur fannst Alþjóðahúsið vera sá rétti. Það er ekkert sendiráð á Íslandi. Hingað til hafa kosningar farið fram hjá pólska konsúlunum, Friðriki Guðnassyni sem var eigandi Vélasölnunnar í Ánanaustum, en nú er sú aðstaða sem hann hafði ekki lengur fyrir hendi, svo þetta hús varð fyrir valinu fyrir þessar kosningar til efri og neðri deildar þingsins.

## Hvernig fór fólk að því að skrá sig?

Það var ekkert erfitt, fólk þurfti bara að vita að það var nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram, áður en það mætti á kjörstað. Fólk gat hringt til Óslóar, og það gat sent fax eða tölvupóst. En það komu nokkrir á kjörstað sem sögðust ekki vita um þessa nauðsynlegu fyrirframskráningu og fengu þaraffleiðandi ekki að kjósa.

## Eru fleiri kosningar framundan?

Já, það verða forsetakosningar haldnar 9. október, og við ætlum að auglýsa vel bæði kjörstaðinn og nauðsyn þess að skrá sig fyrirfram, og við vonum að það skila sér, og að fleiri komi og kjósi þá.

## Næmur á aðstæður og tímase

Davíð Oddsson utanríkisráðherra lætur af störfum á ríkisráðsfundi sem boðaður er í dag á Bessastöðum. Hann hefur náð glæstum sigrum og verið borgarstjóri og forsætisráðherra samantlagt í um tuttugu og tvö ár. Þegar Davíð yfirgefur stjórnmalavettvanginn heldur andi hans áfram að svífa yfir vötnunum. Um tíma að minnsta kosti.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra kveður ríkisstjórnina á ríkisráðsfundi sem boðaður er í dag í forsetabústaðnum á Bessastöðum. Eftir liðlega þrjár vikur tekur hann við stöðu seðlabankastjóra en forsætisráðherra hefur skipað hann í það embætti til næstu sjö ára. Davíð, sem er 57 ára, á langan stjórnmalaférl að baki en afskipti hans af stjórnmalum ná að minnsta kosti aftur til ársins 1973 þegar hann átti sæti í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna og Varðbergs.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson:

## RÖGGSAMUR OG FLJÓTUR TIL ÁKVARÐANA

„Það sem einkennt hefur Davíð Oddsson sem stjórnmalaman er hugrekki og næmur skilningur á aðstæðum og tímasetningum,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmalafraeðiprófessor og góður vinur Davíðs. „Í sinni valdatíð hefur Davíð umskapað efnahagslífið í frjálsræðisátt. Stórkostlegur árangur hefur náðst í því að flytja ákvarðanir úr stjórnmalunum yfir í viðskiptin. Davíð hefur kerfisbundið unnið að því að minnka vald sitt. Hann hefur unnið að því að koma á festu í fjármálum. Verðbólgan hefur ekki verið vandamál og hann hefur beitt sér fyrir því að greiða upp opinberar skuldir. Einkavæðingin er stórkostlegt afrek og frjálsræðið í alþjóðaviðskiptum og fjármagnsflutningum milli landa. Davíð hefur einnig beitt sér fyrir skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna með kvótakerfinu sem nú er fyrirmynd annarra þjóða,“ segir Hannes.

Um stjórnunarstil segir Hannes að Davíð sé röggSAMUR, fljótur að taka ákvarðanir og ódeigur við átök en um leið tillitssamur og nærgættinn við sitt samstarfsfólk. „Jóhanna Sigurðardóttir hefur til dæmis haft orð á þessu. Hann er alls ekki afskiptasamur eins og látið er í veðri vaka. En í hita baráttunnar hefur hann oft verið umdeildur vegna þess að hann er ekki fyrir neðan öfundina,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.



DAVÍÐ ODDSSON FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Umdeildur en óskoraður og valdamikill leiðtogi.

Hann var borgarstjóri Reykjavíkur frá árinu 1982 til ársins 1991 en þá gerðist margt í senn. Eftir glæstan sigur Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningunum 1990 undir forystu Davíðs bauð hann sig fram til formennsku gegn Þorsteini Pálssyni, sitjandi formanni, og hafði betur.

Í þingkosningunum 1991 var Davíð Oddsson fyrst kjörinn á þing. Hann myndaði ríkisstjórn

með Alþýðuflokknum og var skipaður forsætisráðherra 30. apríl 1991. Því embætti gegndi hann samfleytt til 15. september 2004 og hafði þá verið forsætisráðherra í nærri þrettán og hálf ár.

Í samræmi við samkomulag forystumanna stjórnarflokka höfðu Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, og Davíð stólaskipti þennan sama dag, 15. september, fyrir rúmu ári.

## Taka verður mið af gulda spjaldinu

Í miklum ólgusjú stjórnmalanna síðastliðið sumar og haust, þegar deilur stóðu hæst um fjölmiðlafrumvarpið og málskotsrétt forseta Íslands, veiktist Davíð og gekkst undir uppskurði. Þegar hann tilkynnti svo ákvörðun sína 8. september síðastliðinn um að segja skilið við stjórnmalin sagði hann meðal annars við blaða- og fréttamenn:

„Maður fékk svona ákveðna áminningu um að klukkan tifar og hún gengur á fleiri en skákmenn. Allir þurfa að huga að því... Það fór tími í endurhæfingu og meðferðir... Ég tel mig vera kominn með afl á nýjan leik til að sinna nýju starfi. Það fer ekki hjá því þegar þú færð gult spjald að þá horfir þú á það og hagar þér aðeins betur til að fá ekki rautt.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir Davíð hafa átt mjög

farsælan feril í stjórnmalum en þeir tveir hafa leitt stjórnarsamstarf samfellt í 10 ár. Halldór segir að Davíð hafi reynst bæði traustur og úrræðagóður. „Það hefur verið mjög gott og farsælt samstarf. Við höfum náð samkomulagi um mál og allt staðið eins og stafur á bók. Við höfum aldrei þurft að setja neitt á blað um það. Hann hefur tekið þessa ákvörðun að vandlega íhuguðu máli og ég skil hana og virði.“

Geir H. Haarde, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, tekur við embætti utanríkisráðherra af Davíð Oddssyni á ríkisráðsfundinum á Bessastöðum í dag. Þeir hafa unnið náið saman í áratugi. „Það er auðvitað mikil eftirsjá í Davíð Oddssyni sem nú ákveður að hætta afskiptum af stjórnmalum. Við höfum verið samherjar frá því í menntaskóla og höfum undanfarin fjórtán ár starfað þétt saman,“ sagði Geir þegar Davíð tilkynnti ákvörðun sína. Davíð tilkynnti reyndar við sama tækifæri að hann styddi Geir H. Haarde til formennsku í Sjálfstæðisflokknum en landsfundur flokksins verður haldinn eftir rúman hálfan mánuð.

johannh@frettabladid.is



FRÉTTASKÝRING

JÓHANN HAUKSSON

johannh@frettabladid.is

Frjáls íbúðalán

100%  
veðsetningarhlutfall

4,15% verðtryggðir vextir

4,15%

Engin skilyrði  
um önnur  
bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI  
FJÁRFESTINGARBANKINN  
www.frjalsi.is



Rannsókn sýnir ólíka upplifun á sömu lyktinni:

# Nafngiftir hafa áhrif á lyktarskynið

**VÍSINDI** Nafngiftir hafa áhrif á hvernig við skynjum lykt af ólíkum hlutum. Þetta er niðurstaða rannsókna sem greint er frá á vefsíðu BBC.

Vísindamenn við Oxfordháskóla hafa komist að því að fólk upplifir lykt á jákvæðari hátt eftir því hvert nafnið á uppsprettu lyktarinnar er. Í tilraun sem þeir gerðu báðu þeir sjálfboðaliða um að þefa af cheddarosti. Þeir sem þefuðu af sýnum merktum „ostur“ voru hæstánægðir á meðan þeir sem ráku nefið í glas með sömu lykt en merkt „svitalykt“ kvörtuðu sárán undan óþefnum. Þeir sem

þefuðu af glasi sem merkt var „ostur“ en engin sérstök lykt var í kváðust engu að síður hafa fundið angan af osti.

Mælingar á heilastarfsemi þátttakendanna staðfestu upplifunina, mikil virkni mældist í þeim stöðvum heilans sem tengjast lyktarskyni þegar þefað var af raunverulegum osti og aðeins litlu minni þegar þefað var af andrúmslofti merktu „ostur“.

Vísindamennirnir telja að betri skilningur fái á afleiðingum ýmissa sjúkdóma með rannsóknunum. Oft skaðast heilastöðvar fólks sem lendir í

slysi og í framhaldinu verða breytingar á mataræði þess svo að það fitnar meira en góðu hófi gegnir. Vera má að breytingar á lyktarskyni kunni að tengjast þessu. Auk þess geta niðurstöurnar gagnast matar- og drykkjarframleiðendum og hvatt þá til að vanda sig sérstaklega við nafngiftir á afurðum sínum.

- shg



**OSTUR GETUR ILMAD MISVEL**  
Enda þótt lyktin sé sú sama virðist skynjun fólks á henni breytast eftir því hvaða nafn henni er gefið.



**ENDURRÁÐIÐ** Arsfundur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar IAEA stendur nú yfir í Vín í Austurríki. Í gær var Mohammed ElBaradei endurráðinn sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar eftir að Bandaríkjamenn ákváðu að láta af andstöðu sinni við hann.

# Þningar

Þorvaldur Gylfason:

## DAVÍÐ, EES OG EINKAVÆÐING BANKANNA

„Það er vert að rifja það upp, að einungis 33 þingmenn af 63 greiddu EES-samningnum atkvæði sitt; hinir voru ýmist á móti eða sátu hjá. Það er einnig vert að rifja það upp, að Sjálfstæðisflokkurinn var í upphafi andvígur EES-samningnum og hélt frekar fram óraunhæfum tillögum um tvíhliða samninga, svo að Alþýðflokkurinn sálugi taldi sig nauðbeygðan að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum 1991 frekar en að halda áfram í stjórn með Framsóknarflokknum og Alþýðubandalaginu. Forustumenn Alþýðuflokksins höfðu ástæðu til að óttast, að Sjálfstæðisflokkurinn myndi spilla EES-málinu í stjórnarandstöðu, kæmist hann í aðstöðu til þess – og það hefði hann hæglega getað gert vegna andstöðu nokkurra þingmanna Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins sáluga við samninginn. Hefði Sjálfstæðisflokknum verið full alvara með samþykkt EES-samningsins 1994 og þeirri frívæðingu efnahagslífsins, sem af honum leiddi, hefði flokkurinn tekið forustu um næsta skref – þ.e. að beita sér fyrir umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu. En það hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki gert, einn stórra borgaraflokka í Evrópu. Hann hefur heldur kosið að halla sér á sveif með þjóðræknunum íhaldsöflum, sem kjósendur í öðrum Evrópulöndum skípa yfirleitt í stjórnarandstöðu.“

Ög svo einkavæðing bankanna „Í öðru lagi ber að nefna einkavæðingu viðskiptabankanna. Hún hefur leyst úr læðingi áður bælda krafta og látið gott af sér leiða, enda þótt ekki hafi verið staðið vel að framkvæmdinni. Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, lýsir þessu vel í ritgerð sinni um formann Sjálfstæðisflokksins í Forsætisráðherraþóki (2004). Þar setur Styrmir fram þá tilgátu, „... að Davíð hafi verið ljóst að áhrifamenn í Framsóknarflokknum, sem jafnframt stjórna S-hópnum, stefndu leynt og ljóst að því að ná yfirráðum yfir Búnaðarbankanum (þótt áhugi þeirra hafi í upphafi beinst að Landsbankanum) og að hann mundi ekki geta staðið gegn því og þess vegna talið nauðsynlegt að Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við.“ Þetta getur varla skýrara verið. Nú er komið í ljós, að nokkrir framsóknarmenn högnuðust um 16 milljarða króna á einkavæðingu Búnaðarbankans skv. endurskoðuðum og árituðum reikningum KB banka og Eglu hf., sem er samheiti á þeim framsóknarfyrirtækjum, sem Styrmir vísar til. Við þetta er því að bæta, að Landsbankinn var einnig seldur á undirverði. Um það vitna meðal annars skjöl, sem ríkisstjórnin reyndi að halda leyndum og úrskurðarnefnd í upplýsingamálum gerði síðan opinber. Skjölín sýna, að ríkisstjórnin virti að vettugi aðvaranir erlends ráðgjafarfyrirtækis einkavæðingarnefndar með þeirri afleiðingu, að kaupendur Landsbankans fengu 700 m.kr. afslátt af kaupverðinu.“



HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# PHILIPS TILBOÐ



## HEIMABIÓ



**Philips MX2500**  
Fyrirferðalítið HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxial út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

**TILBOÐ 19.995**

Fullt verð kr. 24.995



**Philips HTS3300**  
Nett HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 24.995**

Fullt verð kr. 29.995



SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DIVX 3.11/4.X/5.X OG XVID og CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG



**Philips HTS3500S**  
HEIMABIÓSETT með fjölkerfa DivX DVD spilara, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Progressive Scan, 4x Video Upsampling, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, SCART (með RGB), S-Video og RCA tengi, Component (Y, Pr, Pb) tengi, Aux in og Digital Coaxial in og fjarstýringu.

**TILBOÐ 39.995**

Fullt verð kr. 49.995



SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4 OG DIVX 3.11/4.X/5.X SPILAR SACD, CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG



**Philips HTS8000S**  
HEIMABIÓKERFI með SonoWave Surround Sound System - alvöru heimabíóhljómur úr aðeins 2 hátölurum, DVD spilara með Progressive Scan, 550w RMS magnara, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, 4x Video Upsampling, útvarpi með stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart (með RGB), Component, Aux in og Digital Coaxial in og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.995**

Fullt verð kr. 89.995



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4 og DIVX 3.11/4.X/5.X – Spilar SACD, CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG



**Heimilistæki**

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

[www.ht.is](http://www.ht.is)

UMBODSMENN UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
JÓN KALDAL**

Styrmir Gunnarsson má ekki ætla öðrum fjölmiðlum það sem hann iðkar inni á eigin ritstjórn.

## Prinsipp og gamlir tímar

Í kjölfar birtingar Fréttablaðsins á upplýsingum um aðkomu ritstjóra Morgunblaðsins, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins og eins helsta ráðgjafa formanns Sjálfstæðisflokksins að því máli sem seinna varð kært á hendur Baugi hafa blaðamenn Fréttablaðsins mátt sæta þungum sökum.

Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, talar um að með þessum fréttum, þar sem þrír af hans nánustu ráðgjöfum eru í aðalhlutverkum, sé verið að misnota fjölmiðla. Einn þeirra, Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins, skrifar varnargrein í blað sitt í gær og lætur liggja að því sama, að blaðamenn Fréttablaðsins láti misnota sig. Þar segir Styrmir meðal annars þetta:

„Allt er þetta mál umhugsunarefni fyrir starfsfólk fjölmiðla. Nú er á fjölmiðlum hér stór hópur vel menntaðs ungs fólks, sem kann vel til verka og veit sínu viti. Er það tilbúið til að láta nota sig í hvað sem er?“

Í raun er þetta ekki skritinn þankagangur miðað við hvernig Styrmir rekur sinn fjölmiðil þar sem blaðamenn eru látnir þýða greinar fyrir einstaklinga úti í bæ sem eru að íhuga málaferli gegn fyrirtækjum sem ritstjórnin vonar að verði rannsökuð. Það er hins vegar alls engin ástæða fyrir Styrmir að ætla öðrum það sem hann praktiserar á sinni ritstjórn. Við sem störfum á Fréttablaðinu höfum ekki verið misnotuð.

Hallgrímur Helgason rithöfundur skrifaði ekki fyrir svo alls löngu grein í Fréttablaðið þar sem hann kallaði átökin sem hafa staðið milli viðskipta og stjórn mála á Íslandi „fjörbrót deyjandi valds“ og átti með því við að viðskiptalífið væri að hrista af sér gömul tók sem stjórn mála flokkarnir ættu erfitt með að losa um.

Fréttir Fréttablaðsins af fundarhöldum manna úr innsta kjarna í Sjálfstæðisflokknum um mál Jóns Geralds og Baugs sýna þessa baráttu í hnotskurn. Viðbrögð og ásakanir Styrmis og Davíðs um misnotkun á fjölmiðlum gera það líka.

Þetta eru menn sem ólust upp við að stjórn mála flokkar gáfu út dagblöð sem gengu óhikað og grímulaust erinda þessara sömu flokka. Sem ritstjóri Morgunblaðsins sat Styrmir til dæmis svo árum skipti þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins. Þann gamla veruleika virðast Styrmir og Davíð eiga erfitt með að hrista af sér. Það er engu líka en að þeir trúu að stjórnendur Fréttablaðsins sitji stjórnarfundi Baugs og plotti um hvernig eigi að haga skrifum blaðsins.

Fréttastofa Stöðvar 2 hefur árum saman þurft að sitja undir svipuðum ásökunum um að draga taum eigenda sinna. Þetta afsannaðist svo ekki varð um villst fyrir tveimur árum þegar einn af þáverandi eigendum stöðvarinnar reyndi að stöðva frétt um að tiltekinn banki hefði boðið ráðherra í lax, á þeim forsendum að fréttin gæti truflað viðkvæmar samningaviðræður eigendanna við þennan sama banka. Allt varð vitlaust á fréttastofunni, málið komst í hárnæli og fréttin fór í loftið daginn eftir og fékk miklu meiri athygli en ella.

Lærdómurinn af þeirri uppakomu var að fréttamönnum þótti vænna um sín prinsipp en hagsmuni eigenda Stöðvar 2. Hið sama gildir um okkur sem vinnum á Fréttablaðinu.

**Alltaf einfalt**



**15 stöðvar!**  
[www.ob.is](http://www.ob.is)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ekki fréttablað?

Nýjustu tíðindin í Baugsmálinu hafa yfirskyggt aðrar fréttir að undanförunu. Athyglisvert er hve fáir stjórn mála menn kjósa að leggja orð í belg. Nokkrir ofurhugar eins og Björn Bjarnason, Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson, eru hér undanskildir. Þeir eru pólitískir vígamenn sem aldrei láta góðan bardaga fram hjá sér fara. Össur hneykslast á Mogganum á heimasíðu sinni gær: „Segir Morgunblaðið ekki fréttir? Eða segir það ekki fréttir af ótrúlegum og sannarlega fréttanæmum vendingum í Baugsmálinu af því ritstjóri blaðsins

**Morgunblaðið**  
Innmúrad og Innvigt

tengist fréttum um hvernig málið komst til yfirvalda? Þögn þess – utan málsvörn ritstjóra – er satt að segja ærandi. Hún er ekki heldur boðleg okkur lesendum blaðsins sem eigum að geta treyst því að fá fleiri en eina hlið á svona málum.“

#### Verður að skýra

Kristinn H. Gunnarsson beinir sjónum að lögreglunni: „Svona blasir þetta við: Hlaupið er til þegar Baugur á í hlut, en ekkert aðhafst gagnvart oliufélögum. Jón Gerald fær fulla þjónustu embættisins en almennur lítinn sem engan. Ég vona að Ríkislögreglustjóri sé samála mér um að þessi mynd er afleit. Henni verður ekki breytt nema með trúverðugum skýringum.“

#### Auður og völd

Einar K. Guðfinnsson, verðandi ráðherra, er líka allur að taka við sér. Hann lítur Baugsmál öðrum augum en Össur: „Forráðamenn Baugs eru efalautst einhverjir valdamestu menn landsins og þeir auðugustu. Þeir ráða eða hafa ítök í fyrirtækjum sem velta milljarðatugum og hafa tugi þúsunda manna í vinnu í fjölmörgum löndum. Hagnaður þeirra af viðskiptum nemur milljarðatugum. Vald þeirra er því gríðarlegt... En hvað gerist þegar þeim líkar ekki framferði tiltekinna einstaklinga í þjóðfélaginu? Þá krefjast þeir brottrekstrar og hóta því að hætta viðskiptum við þau fyrirtæki sem hefur það fólk í vinnu sem þeim mislíkar eitthvað við.“

gm@frettabladid.is

## Notar hún sykur?

Hin undarlegustu tíðindi er varða Baugsmálið svokallaða voru gerð heyrinkunn nú um helgina. Sannast að segja veit maður ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Alls konar fólk, karlar og konur, ónefnd eða hvað þau nú annars heita, er nú nefnt til sögunnar þar eð leitað hafði verið til þeirra til að fá aðstoð við að koma böndum á meinta þrjóta. Sannast nú það sem sagt hefur verið að raunveruleikinn er oft á tíðum fáránlegri en skáldskapurinn. Söguþráðurinn sem spunninn hefur verið í fréttatímum nú undanfarna daga hefði varla þótt hæfur í reyfara svo furðulegt og einkennilegt er þetta allt saman. Sú sem þetta ritar treystir sér ekki til að hafa fleiri orð um þessi tíðindi að sinni, vegna þess að um leið og málið verður allt fáránlegra virðist það einnig allt verða alvarlegra, við slíkar aðstæður er rétt að gæta fyllstu varkárni í orðum.

Ég ætla þess vegna að snúa mér að allt öðru. Velferðarþjóðfélagið á undir högg á sækja hér á ísa köldu landi. Samanburðartölur sýna að við erum ein af ríkustu þjóðum í heimi. Hér miðast flest við útrás fyrirtækjanna, menn hafa milljónir í tekjur á mánuði og þeir sem eru í fjármálafyrirtækjunum fá væntanlega allir greidd laun í þrettán mánuði á ári líkt og þeir sem eru í bankaróði Seðlabankans, svo mánaðarkaupið segir ekki allt. Mér fannst ég hafa heyrt í útvarpinu í morgun að bílalnflutningur hefði aukist um fimmtíu prósent á árinu, trúði því samt varla, fletti því upp í Hagtölum og þetta mun rétt vera. Samt var bílaeign nú þó nokkur fyrir. Í öðrum löndum munu bílakaup almennt hafa dregist saman. Hátt gengi krónunnar gerir það að verkum að bílar eru tiltölulega ódýrir hér á landi um þessar mundir, þó þeir séu samt sennilega á

**Í DAG**  
VELFERÐAR-  
ÞJÓDFÉLAGIÐ



**VALGERÐUR**  
BJARNADÓTTIR

*Ekki nóg með það að við þykjumst hafa þarfara við peningana að gera en sjá til þess að allir hópar samfélagsins geti lifað við reisin, heldur sýnum við gjarnan þeim sem hallar undan fæti hjá einnig hina mestu óvirðingu í umgengi. Samt kosta mannsiðir ekki neitt.*

fáum stöðum dýrari. Svo sennilega má finna út með einhverjum hundakúnsta reikniáðferðum að með því að kaupa bíla núna séum við í raun að spara – eða hvað?

Fyrirtækin hafa efni á að borga sumum ofurhátt kaup, en við þykjumst ekki hafa efni á að borga þeim sem gæta barnanna á leikskólunum, og í fyrra fengu yngstu börnin í skólunum ekki þá kennslu sem þau eiga rétt á af því kennarar voru að berjast fyrir launum sínum. Öryrkjabandalagið er að fara í mál við ríkið í þriðja sinn á ferli þessarar ríkisstjórnar, vegna þess að hún efnir aldrei þau loforð sem hún gefur þessum hópi samfélagsins. Eldri borgarar berjast fyrir hagsmunum sínum en hægt gengur. Það vantar þjónustubúðir, dagvistarpláss og þjónustu við fólk sem ól okkur upp.

Ekki nóg með það að við þykjumst hafa þarfara við peningana að gera en sjá til þess að allir hópar samfélagsins geti lifað við reisin, heldur sýnum við gjarnan þeim sem hallar undan fæti hjá einnig hina mestu óvirðingu í umgengi. Samt kosta mannsiðir ekki neitt. Það rifjast upp fyrir mér um daginn að hafa fyrir löngu heyrt eða lesið viðtal við lamaða manneskju, sem sagði frá því að oft væri komið fram við hana eins og hún væri ekki með „fulde fem“ eða jafnvel látið eins og hún væri ekki til. Konan var sem sagt í hjólastól og hún lýsti því hvernig fólk talaði gjarnan ekki til hennar heldur til samferðamanna hennar. „Notar hún sykur?“ var samferðafólkið spurt, þegar boðið var upp á kaffi en hún ekki spurð sjálf. Það er langt síðan þetta var og ég vona að eitthvað hafi breyst í þjóðfélaginu síðan; að við höfum lært að umgangast hvert annað af þeirri virðingu sem við öll eigum skilið, lömuð eða með fullan styrk.

Hitt veit ég að þegar gamla fólk er á í hlut þá er gjarnan komið fram við það eins og þessi kona lýsti framkomunni við sig fyrir löngu síðan. Jafnvel á stofnunum sem eru sérhæfðar í því annast gamalt fólk talar starfsfólkið yfir höfuðið (ef svo má að orði komast) á því. „Notar hún sykur?“ er spurt og horft fram hjá gömlu konunni. Blessað gamla fólk er orðið seint til orðs og æðis og nennir kannski einfaldlega ekki að æsa sig vegna svona framkomu. Þeim mun meiri ástæða fyrir okkur á miðjum aldri að skera upp herör gegn þessu háttalagi. Við erum nefnilega næst. Áður en við vitum af munum við sitja einhvers staðar með hendur í skauti og börnin okkar spurð hvort við notum sykur. Vá – ég verð bálreið við tilhugsunina. ■

## MARKAÐURINN

**Talstöðin**  
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarinnar fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÖLAR RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatíðil 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SIMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 – PRENTMIÖLAR PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. [dreifing@posthusid.is](mailto:dreifing@posthusid.is) Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegí Sólarlag  
 REYKJAVÍK 7.25 13.19 19.11  
 AKUREYRI 7.10 13.03 18.55  
 Heimild: Almanak Háskólans

# allt

heilsa o.fl.

**HÓMÓPATAR**  
 Komast að kjarnanum. BLS 2



heilsa o.fl.

**C-VÍTAMÍN**  
 Gegn krabbameini? BLS 2



FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

**Góðan dag!**

Í dag er þriðjudagur  
 27. september,  
 270. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Mamma segir að sá sem borðar mest af kartöflum fái mestan ís í eftirrétt!



**SMÁAUGLÝSINGAR**

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR  
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ  
 SMÁAUGLÝSINGAR  
 Á [visir.is](http://visir.is)

visir



Alda byrjar daginn á því að fá sér lýsi og telur það gott fyrir ónæmiskerfið, liðina og röddina.

## Lýsið kemur fyrst svo leikfimin og gufan

Alda Ingibergsdóttir óperusöngkona tekur lýsi á hverjum morgni sér til heilsubótar og heldur sér í formi með því að stunda líkamsrækt mest allt árið og vera svo alltaf á spretti.

„Ég er þannig gerð að ég er alltaf að flýta mér þó svo ég þurfi þess ekki,“ segir Alda og skellihlær. Hún er að koma stormandi úr leikfimi þegar næst að stöðva hana og kveðst hafa prófað nýtt tæki sem hún hafi verið byrjuð að nota vitlaust þegar henni hafi verið bent á það. „Ég átti að stíga fram en steig aftur á bak og gerði mér helmingi erfiðara fyrir. Það verður að vera svolítið fútt í þessu,“ segir hún gláðleg. Hún kveðst reyna að stunda líkamsræktina alveg

markvisst en taka smá pásu yfir sumar-tímamann. Nú er hún byrjuð á fullu í haust og fer helst á hverjum degi klukkan átta. „Ég er í tækjunum í svona klukkutíma og síðan í sturtu og gufu. Mér finnst svo notalegt að fara í gufuna svona í fimm mínútur. Þá fær maður miklu síður strengi heldur nær að slaka á og fá hita í kroppinn. En maður má ekki vera lengi því þá verður maður þreyttur.“

Daginn kveðst hún þó byrja á að taka inn lýsi áður en hún fer í leikfimina og lætur það duga fyrsta kastið. „Ég fæ mér bara smá sopa úr flöskunni áður en ég rýk af stað segir hún og flissar. „Svo borða ég morgunmat þegar ég kem heim. Maður kemur sér upp rútínu og festist í henni þegar hún virkar vel,“ segir hún.

gun@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

[ HEILSA ]

Stígamót verða með opna fræðslu- og umræðufundi annan hvern fimmtudag í vetur frá klukkan 12 til 13 í húsi Stígamóta á Hverfisgötu 115. Markmið fundanna er fyrst og fremst fræðsla og vitundarvakning og auðveldari aðgangur að Stígamótum fyrir alla. Fyrsti fræðslu- og umræðufundurinn verður 29. september en þá mun Þorbjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur fjalla um „Nauðgun frá sjónarhorni kvennaréttar“.

Rauði krossinn heldur grunnnámskeið fyrir nýja sjálfbodaliða á landsskrifstofu Rauða krossins 4. október. Farið verð-

ur í sögu og hugsjónir Rauða krossins, helstu verkefni í alþjóðastarfi og innanlandsstarfi og sjálfbodaliðastarfið. Námskeiðið er frá klukkan 18 til 21.



Norran lýðheilsuráðstefna verður haldin á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut dagana 9.-11.

október. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Lýðheilsa – sameiginleg ábyrgð“. Á ráðstefnunni verður fjallað um leiðir til þess að ná árangri í lýðheilsuárum en til þess þarf að efla og samhæfa vinnu fjölmargra aðila í samfélaginu svo sem stjórnvalda, almennings og einkageirans.

heilsa@frettabladid.is

SEPTEMBER

## Kafbátur mánaðarins

### Kalkúnsbringa og skinka ...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Gildir í september 2005  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnumáli

**6 tommu bátur kr. 299**

**12 tommu bátur kr. 499**



# SUBWAY

**Hollur matur** bætir námsárangur. Rannsóknir á vegum tveggja breskra samtaka, Soil Association og Business in the Community, hafa sannað það sem lengi hefur verið haldið fram. Börn sem fá næringarríka skólamáltíð eða eru með hollt og gott nesti eiga auðveldara með að einbeita sér í tímum.



**Flott í vetur**  
Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Sölusýning í dag, þriðjudag á milli 16:30 og 18:00  
**Rauðavað 13-25**



Rúmgóðar og mjög glæsilegar 2ja-3ja og 4ra herb. íbúðir í nýju fjölbýli í hjarta Norðlingahólts, ásamt stæði í bílskýli.

Íbúðin skilast fullfrægengin án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flisar. Húsið verður steinað að utan. Lóð fullfrægengin og leiktæki á leiksvæði. Frægenginn myndyrasími með einu símtóli í íbúð, nema á jarðhæð þar sem er beinn inngangur. Í sameign eru hjólabarðageymsla og hjóla- og vagnageymsla. Góð aðkoma og stutt í fallegar gönguleiðir. Nánari upplýsingar á skrifstofu Hússins og Smárans.

**MIKIL VINNA FRAMUNDAN!**



Eykt er meðal stærstu og kraftmestu verktakafyrirtækja landsins. Við leggjum áherslu á gæði og nútímaleg vinnubrögð, jafnt í hönnun sem handverki. Hjá Eykt starfar yfir 200 manna samhentur og skemmtilegur hópur sem hlakkar til að vinna með þér.

Nú eru spennandi tímar og næg verkefni fyrir góða krafta. Næstu árin reisum við glæsilegar skrifstofu- byggingar við Höfðatorg í Borgartúni. Íjúkum byggingu Reykjanesvirkjunar, vinnum að fjölda verkefna í gatnagerð og reisum stórar íbúðabyggingar á Norðurbakkaum í Hafnarfirði, í Norðlingaholti og víðar.



PEKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARÍÐNAÐI  
Lynghálsi 4 ■ 110 Reykjavík ■ Iceland  
Tel +354 595 4400 ■ Fax +354 595 4499  
eykt@eykt.is ■ www.eykt.is

**Vörubílstjóri**

Parf að hafa meirapróf og vera vanur bílkrana. Nánari upplýsingar veitir Arinbjörn í síma 822 4430 eða arinbjorn@eykt.is.

**Kranamenn**

Vanir menn á byggingakrana óskast sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Arinbjörn í síma 822 4430 eða arinbjorn@eykt.is.

**Rafvirkjar**

Leitum að rafvirkjum í fjölbreytta þjónustu við vinnusvæði okkar. Nánari upplýsingar veitir Smári í síma 822 4441.

**FASTEIGNIR**



Guðmundur St. Ragnarsson - löggildur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18.00 - 19.00**

**REIÐVAÐ 3 – 110 RVK.**  
86,5 fm • 3 herb. • Fjölbýli **Verð: 21.700.000,-**



**NÝTT Í SÖLU!** Gullfalleg 3ja. herbergja íbúð á efstu hæð með sérinngangi og stórkostlegu útsýni ásamt sérgemymslu og sérbílastæði í bílageymslu. Óvenjulega mikil lofthæð í íbúð. Forstofa með steingráum flisum á gólfi og góðum fataskáp úr eik. Svefnherbergin eru bæði rúmgóð með góðum skápum. Baðherbergið er rúmgott með fallegum steingráum flisum á gólfi og hvítum flisum á veggjum, baðkar m/sturtu og falleg innrétting undir og yfir vaski úr eik. Við hlið baðherbergis er þvottaherbergi með tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Stofan er björt og opin með háum og fallegum gluggum. Úr stofunni er opið í eldhús þar sem er falleg eikarinnrétting, blástursófn og keramikhelluborð. Frá stofu er útgengt út á mjög rúmgóðar hellulagðar svalir. Mikið og fallegt útsýni yfir gróíð svæði. Eignin er fullbúin án gólfefna í stofu, eldhúsi og herbergjum og er laus til afhendingar við kaupsamning! Hverfi í mikilli uppbyggingu! Eign sem stoppar stutt!

**Áslaug Baldursdóttir, sölumaður á staðnum. Sími: 822-9519**



## SJÓNARHORN



Fé í Grímsstaðarétt.

## Vissir þú ...

... að Kína og Rússland eiga hvort um sig landamæri að fjórtán öðrum ríkjum?

... að stærsta kjördæmi í heimi er Kalgoorlie-kjördæmi ástralska sambandsþingsins og er það 2.600.000 ferkílómetrar að flatarmáli, stærra en öll Vestur-Evrópa?

... að elsti starfandi dómari sögunnar var bandarískur og dró sig frá störfum þegar hann var 105 ára og átta mánaða?

... að hæsta upphæð sem Bandaríkjaþjórn hefur greitt uppljóstrara er 2.160 milljónir? Uppljóstrarinn gat vísað á dvalarstað Uday og Qusay, sona Saddams Hussein.

... að mesta ársneysla á áfengi á ári er í Lúxemborg þar sem hver maður drekkur 63,3 lítra af víni á ári?

... að minnsta ársneysla á áfengi er í Egyptalandi þar sem neyslan nemur um tveimur matskeiðum á mann á ári?

... að áætlað er að áttatíu prósent fullorðinna rússneskra karlmannna drekki að jafnaði 220 hálfslitra flöskur af vodka á ári?

... að stærsta diskókúla sem um getur er þrjú metrar að þvermáli og vegur 454,4 kíló?

... að stærsta tyggjókúla sem hefur verið blásin með munni samkvæmt reglum þessarar miklu keppnisþróttar var 58,5 sentimetrar í þvermáli?

... að stærsta tyggjókúla blásin með nefi var 28 sentimetrar?

... að snjaldurmúsín, sem vegur aðeins 4,5 grömm, hefur hraðastan hjartslátt allra spendýra eða 1.200 slög á mínútu?

... að heili búrhvals vegur um það bil 9 kíló, mannsheili vegur að meðaltali um 1,4 kíló?

... að steypireyður er talin hafa hægasta hjartslátt allra dýra með heitt blóð eða fjögur til átta slög á mínútu? Hjarta mannsins slær 70 slög á mínútu.

... að stærsta maurabú sem hefur verið skrásett er 6.000 kílómetrar og nær frá Norður-Ítalíu um Frakkland til Atlantshafsstrandar Spánar?

## HVUNNDAGURINN

## Vinn til að lifa og lifi til að vinna

## Í hverju felst starfið?

Að stýra leikskóla felst í því að vera faglegur leiðtogi og bera rekstrarbyrðina.

## Hvenær vaknarðu á morgnana og hvað gerir þú?

Ég vakna nógu snemma til að missa ekki af neinu. Kaffibolli, blöðin, ekkert barnastúss lengur, leikfimi eða vinna.

## Hversu lengi vinnur þú?

Erfitt er að aðskilja vinnuna frá lífinu. Vinn til að lifa og lifi til að vinna. Yfirgef vinnustaðinn oftast á milli 16 og 17.

## Hvað er skemmtilegast við starfið?

Þegar ég geng um skólann minn og gæti sprungið af stolti yfir frábæru kennurum í flottu og lifandi starfi með börnunum.

## En erfiðast?

Erfiðast er þegar fólk mitt fær útborgað langt undir verðmæti framlags þeirra.

## Hvað gerirðu eftir vinnu?

Eftir vinnu er það faðmurinn heima.

## Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?

Huggulegt innidjobb þar sem maður væri svona til taks fyrir góðan pening freistar einstaka sinnum en það er fljótt að líða hjá.



Ingibjörg Kristleifsdóttir, leikskólastjóri á Klömburum.

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

## Tilboð!

Á NOTUÐUM OG NÝJUM VÖGNUM

STÓRLÆKKAD VERÐ!



Hóli - camp ÆGIS tjaldvagn



JOINT lágþekjubíll

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Verslaðu við traustan aðila!

Allar upplýsingar um tilboðin eru á [www.seqlagerdin.is](http://www.seqlagerdin.is)EYJARSLÓÐ 5-7 • Sími 511 2203 • [www.seqlagerdin.is](http://www.seqlagerdin.is)

## GÓÐAR GJAFIR

LISTMUNASALA fold



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg



GEZE

Sjálfvirkur opunar- og lokunarbúnaður fyrir hurðir og glugga.

JARN&amp;GLER

Skútuvogur 1H, 104 Rvk. S: 5858900

[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

## ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM QUILLET FISKISLÓÐ 75

Haust- og vetrarskór á góðu verði



OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 &amp; Lau. 12:00-16:00

Fiskislóð 75 (1. á Grandal), 101 Reykjavík, s:514-4407

K18

SKECHERS

every1

**KAUPHÖLL ÍSLANDS**

[Hlutabréf]

ICEX-15 4.603

-0.03%

Fjöldi viðskipta: 155  
Velta: 2.266 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

↑ FL Group +2,07%  
Össur +1,19%  
HB Grandi +1,10%

**MESTA LÆKKUN**

↓ Og fjarskipti -1,24%  
Marel -1,03%  
Síminn -1,03%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,00 -0,20% ... Bakkavör 43,70 +0,00% ... Burðarás 17,90 +0,00% ... FL Group 14,80 +2,10% ... Flaga 3,67 +0,00% ... HB Grandi 9,20 +1,10% ... Íslandsbanki 14,95 +0,00% ... Jarðboranir 20,10 +1,00% ... KB banki 592,00 -0,20% ... Kögun 54,00 +0,40% ... Landsbankinn 22,00 +0,00% ... Marel 67,00 -1,00% ... SÍF 4,80 +0,00% ... Straumur 13,75 -0,40% ... Össur 85,00 +1,20%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN [nagnar.is](http://nagnar.is)



**Reisa hitaveitu í Kína**

Enex-Kína skrifaði undir rammasamning í gær.

Forsvarsmenn félagsins Enex-Kína, sem er í eigu Enex, Íslandsbanka og Orkuveitu Reykjavíkur, undirrituðu í gær rammasamning um byggingu jarðvarmahitaveitu í borginni Xianyang í Kína. Í tilkynningu segir að hitaveitan verði hönnuð, lögð og rekin á grundvelli reynslu og tækni sem hefur verið þróuð og nýtt á Íslandi um áratugaskeið. Þetta verði mjög mikilvægur áfangi í starfsemi Enex í Kína.

Fyrsti áfangi samningsins nær til framkvæmda fyrir um tuttugu

milljónir Bandaríkjadala. Verður byggð hitaveita fyrir borgarhverfi þar sem fjöldi íbúa er á bilinu 100 til 150 þúsund. Með frekari uppbyggingu þessarar veitu er gert ráð fyrir að hún þjóni um 400 þúsund íbúum. Í tilkynningu segir að með því verði þetta stærsta jarðvarmahitaveita í heimi.

Félögin sem standa að þessu ásamt Enex-Kína heita Shanxi CGCO Energy Development Construction og Xianyang City Investment.

- bg

**Tímamótasamningur Latabæjar við BBC**

Latibær mun ná til 57 milljóna sjónvarpsáhorfenda BBC á Bretlandi eftir samning sem undirritaður var í gær. Magnús Scheving segir Latabæ vaxa hraðar en nokkurn annan sjónvarpsþátt í sögunni.

Latibær skrifaði í gær undir tímamótasamning við BBC, eina stærstu fjölmiðlasamsteypu Bretlands. BBC rekur átta sjónvarpsstöðvar, þar á meðal CBBC og CBeebies sem eru vinsælustu barnsjónvarpsstöðvar Bretlands, tíu útvarpsrásir og meira en 50 staðbundnar sjónvarpsstöðvar. Samningurinn kemur í kjölfarið á góðum árangri Latabæjar í Þýskalandi og Noregi þar sem áhorfstölur hafa sýnt allt að 57 prósentu áhorf allra barna á aldrinum tveggja til ellefu ára.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og heiðursgestur samkomunnar, ávarpaði gestina. Hann sagðist hafa verið mikill aðdáandi Latabæjar frá upphafi sem hann telur ekki bara góða viðskiptahugmynd heldur til þess fallna að hafa jákvæð áhrif á samfélagið sjálft með skilaboðunum sem þátturinn færir ungum áhorfendum. Michael Carrington, einn forráðamanna BBC, sem var staddur hér á landi til að skrifa undir samninginn, tók í sama streng og forsetinn. Hann sagði BBC hafa verið að leita leiða til að fjalla um offituvandamálið í þjóðfélaginu og Lazy Town samræmist vel hugmyndum þeirra um sjónvarpsfni sem hvetur börn til að lifa heilbrigðu líferni jafnframt því að vera skemmtileg afþreying.

Latibær hefur vaxið gríðar-



**LATIBÆR SEMUR VIÐ BBC** Magnús Scheving og Michael Carrington, einn helsti forráðamaður BBC, hlusta með athgli á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands.

hratt undanfarin ár og er nú sýndur í 46 löndum víðs vegar um heim. Samningurinn við BBC er stórt skref fram á við en í honum felst að BBC kaupir sýningarrétt á Lazy Town sem verður sýndur á BBC og fylgt eftir á barnarásunum CBBC og CBeebies. Þetta veitir aðgang að þeim 57 milljónum áhorfenda sem BBC nær til en samsteypan hefur 95,6 prósentu

markaðshlutdeild í Bretlandi. Meðal þess barnaefnis sem BBC er þekkt fyrir eru þættirnir Teletubbies og Bubbi byggir sem hafa báðir slegið í gegn meðal barna um allan heim og hvor fyrir sig velt um 500 milljónum Bandaríkjadala í smásölu á ári. Áætlað er að sýning á þáttunum hefjist á BBC 3. október næstkomandi.

- hhs

**Færni í fjármálum**

*Ráðstefna um fjármálalæsi*

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Íslandsbanki efna til ráðstefnu um fjármálalæsi föstudaginn 30. september 2005 í Háskólanum í Reykjavík kl. 13 til 17.**

Ráðstefnan er öllum opin og sérstaklega ætluð þeim miðla upplýsingum um fjármál til almennings, svo sem bankastarfsmonnum, viðskiptafræðingum, lögfræðingum og kennurum.

**Dagskrá**

- 13.00 Dr. Þorlákur Karlsson, deildarforseti Viðskiptadeilda Háskólans í Reykjavík, setur ráðstefnuna.
- 13.10 Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Íslandsbanka: **Færni í fjármálum – hvert er hlutverk bankanna?** Almar kynnir niðurstöður könnunar um viðhorf Íslendinga til fjármála.
- 13.50 Dr. William L. Anthes, formaður samtakanna National Endowment for Financial Education: **Financial Literacy Education in the U.S.: Lessons to Be Learned/Mistakes to Be Avoided.**
- 14.40 Kaffiveitingar
- 15.10 Dr. Karen Gross, prófessor í lagadeild New York háskóla: **Understanding Overindebtedness: The Price We Pay for Non-Payment.**
- 15.50 Breki Karlsson, M.Sc. nemi við CBS: **Betur má ef duga skal – framhaldsskólanemar falla í fjármálalæsi.** Breki kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar á fjármálalæsi íslenskra framhaldsskólanema.
- 16.30 Ketill Magnússon, siðfræðingur: **Bankar sem bandamenn.** Ketill fjallar um siðferði í viðskiptum.
- 17.00 Ráðstefnu slitið.

Aðgangur er ókeypis. Að ráðstefnu lokinni er gestum boðið til móttöku.

Vinsamlegast tilkynntu þátttöku til Indu Marenar Guðmundsdóttur í síma 599 6200 eða í tölvupósti, [inda@ru.is](mailto:inda@ru.is).

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Íslandsbanki



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



ÍSLANDBANKI | 100%

**CLIFF BURTON (1962 – 1986)**  
lést á þessum degi.



„Að lifa er að deyja.“

Cliff Burton var bassaleikari í hjómsveitinni Metallica og af mörgum talinn besti bassaleikari þungarokksins fyrr og síðar. Hann lést á sviplegan hátt langt um aldur fram.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST > 27. SEPTEMBER 1540

### Jesúítareglan stofnuð

Á þessum degi árið 1540 lagði Páll III páfi blessun sína yfir reglu jesúíta. Reglan var stofnuð sex árum fyrr af Ignatius de Loyola; hermanni sem hafði gerst prestur. Árið 1534 sór hann þess eið, ásamt sex lærlingum sínum, að lifa í fátækt og í skirlífi. Þeir settu sér það markmið að turna múslimum til kristni, en gætu þeir ekki ferðast til Jerúsalem myndu þeir bjóða páfa liðveislu sína. Svo varð og árið 1540 var jesúítareglan formlega stofnuð í páfagarði. Undir stjórn de Loyola fjölgaði ört í reglunni og hún lék lykhillutverk í gagnsiðbót kapólsku kirkjunnar í Evrópu. Þá voru margir trúboðar sendir til Indlands, Brasilíu, Mongólíu og Eþíópíu. Jesúítar lögðu mikla áherslu á menntun og stofnuðu meðal annars háskóla og prestaskóla fyrir þýska presta í Róm. Þeir ráku líka hjálparsamtök, til dæmis fyrir uppgjafa vændiskonur. Þegar Ignatius de Loyola lést árið 1556 voru jesúítaprestar orðnir ríflega eitt þúsund talsins. Á næstu öld stofnuðu jesúítar klaustur víðsvegar um heiminn en á 18. öld leysti Klemens XIV páfi regluna upp að ósk konunga víða um Evrópu. Píus VII lét hins vegar endurreisa regluna árið 1814 vegna fjölda áskorana og hún starfar enn í dag. Ignatius de Loyola komst í tölu dýrlinga árið 1622.



IGNATIUS DE LOYOLA

### MERKISATBURÐIR

- 70 Rómverjar fella múra Jerúsalem.
- 1864 Jesse James og útlaga-gengi hans drepa 150 manns í lestarárás.
- 1922 Íslensk mynt fer í dreifingu í Reykjavík.
- 1939 Pólverjar gefast upp fyrir Þjóðverjum.
- 1940 Þýskaland, Ítalía og Japan mynda öxulveldin með samningi sem nær til tíu ára.
- 1959 Nikita Krúsjoff lýkur heim-sókn sinni um Bandaríkin.
- 1968 Hárið er frumsýnt í London.
- 1999 Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, dettur af hestbaki og axlarbotnar.

### ANDLÁT

**Einar Sigurðsson**, Hátúni 10b, Reykjavík, andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 22. september.

**Ingibergur Bjarnason** Rauðanesi III, Borgarbyggð, andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 23. september.

**Jóna Vilborg Pétursdóttir**, Fannborg 1, Kópavogi, lést á Landspítala, Fossvogi, sunnudaginn 25. september.

### JARÐARFARIR

11.00 **Dr. L. Anne Clyde** prófessor í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.

13.00 **Guðbjörg Björgvinsdóttir**, elliheimilinu Grund, áður Meðalholti 12, Reykjavík, verður jarðsungen frá Háteigskirkju.

14.00 **Lilja Gréta Þórarinsdóttir** verður jarðsungen frá Norðfjarðarkirkju.

### AFMÆLI



**Þórarinn Elmar Jensen**, stofnandi 66° Norður, er 75 ára.



**Sigurður Dagsson**, fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu, er 61 árs.



**Jón Steinar Gunnlaugsson** hæstaréttardómari er 58 ára.



**Sigurður Jónsson** knattspyrnuþjálfari er 43 ára.




**Friðrik Kingo Andersen** tækni- maður er 42 ára.

### FÆDDUST ÞENNA DAG




1722 Samuel Adams uppreisnarmaður.



1840 Thomas Nast skopmyndateiknari.



1856 Briet Bjarnhédinsdóttir ritstjóri.



1858 Þorsteinn Erlingsson skáld.



1898 Vincent Youmans tónskáld.

**LEGSTEINAR**  
S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is



**GUNNAR S. MAGNÚSSON** Lærði Faðir verið upp á nýtt á Silungapollí fyrir tuttugu árum. Grípur oft til þess nú í seinni tíð enda biður hann bænir á hverjum morgni.

GUNNAR S. MAGNÚSSON OPNAR SÝNINGU Á 75 ÁRA AFMÆLISDAGINN SINN:

## Vaknar klukkan fjögur og biður

Myndskáldið Gunnar S. Magnússon heldur upp á 75 ára afmælið sitt í dag með opnu sýningu í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg.

Gunnar setur skemmtilegan svip á bæjarlífið í Reykjavík, hann er reffilegur á velli og hefur frá mörgu að segja.

Áður barðist hann hatrammri baráttu við Bakkus – og hafði loks betur fyrir tuttugu árum.

Eftir að leigusálinn hans hafði bent honum góðfúslega á að hann réði ekki við húsaleiguna gekk hann niður í miðbæ. „Ég var kominn á Hallærisplanið þegar spengjlegur maður gengur að mér og segir: „Þetta er rétt ókomið hjá þér Gunnar minn.“ Ég þekkti manninn og vissi að hann var nýkominn af Freeport. Og eftir

klukkutíma tók að syngja í hausnum á mér: „Ég fer í meðferð. Fljótlega eftir þetta var ég kominn á Silungapoll.“

Á Silungapollí þekkti Gunnar marga menn, hafði drukkið með þeim flestum. Hefðbundin dagskrá hófst og farið var með æðruleysisbænina. „Mér fannst hún góð,“ segir Gunnar. „En svo fór í verra þegar farið var með Faðir verið. Ég hélt að það hefði verið afgreitt um ferminu. Svo rann kalt vatn um hrygginn á mér þegar ég áttaði mig á að ég kunnir bara upphaf þess. Ég bað um aðstoð og var sagt að kyrja það þar til ég sofnaði. Ég gerði það og lærði það um leið. Síðan gríp ég oft til þess.“

Gunnari hefur líðið vel síðan hann hætti að drekka

og sinnir list sinni af alúð. Hann tekur daginn snemma og er kominn á vinnustofuna sína fyrir allar aldir. „Ég vakna um klukkan fjögur og byrja daginn á að lesa ljóð og heilræði og svo smávegis í Biblíunni. Svo fer ég á bæn og er kominn á vinnustofuna um sex. Eftir hádegisverð legg ég mig, tek síestu eins og Ítalir, og fer svo aftur út að gera eitt-hvað. Á kvöldin er svo fíesta.“

Gunnar byrjaði ungur að fást við myndlist og nam meðal annars við Akadémíuna í Ósló. Áður hafði hann tekið þátt í stofnun Myndlistaskólans í Reykjavík og var þar aðstoðarkennari um skeið. Löngu síðar, eða fyrir ellefu árum, stofnaði hann Íslenska sjónmenntaháskólann en í honum leiðbeinir

hann ungum listamönnum. „Ég tek ekki peninga fyrir það, við skiptumst bara á myndum,“ segir hann um þau störf.

Gunnar hefur mikinn áhuga á fæðingardögum fólks og metur jafnvel mannkosti út frá fæðingardögum. Hann segist eiga betra með að muna hvenær menn eru fæddir en nöfn þeirra.

Sjálfur á hann sama fæðingardag og Þorsteinn Erlingsson skáld.

Gunnar S. Magnússon hefur glímt við geðhvarfasýki og segir í gamansömum tóni að list hans sé hálfgerð geðhvarfalist.

Myndin Geðhvörf, sem hann málaði 2002, er meðal þeirra verka sem sjá má á sýningunni í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg. ■



Ástkær faðir okkar, stjúppaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Áskell Einarsson

fyrir. fraamkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga,

lést sunnudaginn 25. september sl. að heimili sínu, Vallholtsvegi 17, Húsavík. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðrún Áskelsdóttir  
Steinnunn Áskelsdóttir  
Ása B. Áskelsdóttir  
Ólafía Áskelsdóttir  
Einar Áskelsson  
Valdimar Steinar Guðjónsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Örn Gíslason  
Birgir Steingrímsson  
Stefán Ómar Oddsson  
Haraldur Jóhannsson  
María Sif Sævarsdóttir  
Eygerður Bj. Þorvaldsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Einar Sigurðsson

Hátúni 10b, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu þann 22. sept. sl. Útför fer fram frá Fossvogskapelli fimmtudaginn 29. sept. kl. 13.00.

Ella Björk Einarisdóttir  
Finnur Einarsson  
barnabörn.

Helgi Bogason  
Elín Erna Ólafsdóttir

### ★ SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Góð þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566  
www.solsteinar.is  
200 Kópavogur • solsteinar.is



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáretursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



# BT VERÐSTRÍÐ ALLA DAGA!

Gerðu góð kaup!

**72.000kr. afsláttur**

### MEDION V8 MEDIACENTER

562315  
**MEDION V8 MEDIA CENTER E540**  
 • Intel Pentium 540 - Hyper-Threading  
 • nVidia Geforce 6600 PCIe 16x, 256 MB  
 • VGA/DVI-I, TV-out  
 • 1024 MB DDR-RAM PC3200 (400MHz)  
 • 500GB (2 x 250 GB 7200 rpm SATA 8 MB Cache)  
 • DVD-ROM 16x/48x  
 • 16X DVD skrifari - Dual Layer  
 • Hauppauge Tuner "Amity-2" (for MCE "Symphonie")  
 • Philips Remote Control RC153 (for MCE "Symphonie")  
 • LAN 1AV0/100 Mbit  
 • IEEE1394/Firewire - DV Ready  
 • Þráðlaust lykklaborð og mús  
 --- **Hugbúnaður** ---  
 Microsoft Windows XP Media Center Edition  
 17" Flatskjár fylgir!



17"

3400MHz

1024MB minni

500AGB HD

### DVD SPILARI

**DENVER** DVD-802 Denver DVD spilari  
 33% afsláttur  
 3.999.  
 5.999.

### PRENTARI

**EPSON** C11C573003 Epson Stylus C66  
 59% afsláttur  
 4.999.  
 11.999.

### TÖLVUMÚS

**Trust** 14087-TRU Trust USB Scrollmús  
 90% afsláttur  
 99.  
 999.

143.988 Staðgreitt  
 11.999 Vaxtalaust 12 mán.  
 4.166 Tölvukaupáán 48 mán.

**4.166.**

**FYLGIR**  
 9.999.  
**512 MB MP3 spilari**

Stafræn framköllun í BT Skeifunni  
**39kr. myndin**

## STAFRÆN MYNDAVÉL

**SONY** Sony CyberShot 4.1 Ml DSC-S40  
 41 megapíxlar  
 ADEINS 100 stk.  
 BT Bestu kaupin  
 Hleðslurafhlöður Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.  
 MPEG Movie Vx Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.  
 Laaangt undir kostnaðarverði!  
 1.5" litaskjár Vandabur 1,5" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem eru teknar á DSC-S40.  
 Carl Zeiss linsa Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S40 eru gæðin tryggð jafnvægi niður í minnstu smáatriði.  
 5.000kr. afsláttur  
 14.999.  
 19.999.

## STAFRÆN TÖKUVÉL

**Panasonic** MiniDV vídeóvéL NVGS178  
 Takmarkað magn!  
 22% afsláttur  
 BT Bestu kaupin  
 NightView 0 LUX Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.  
 800x aðdráttur Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.  
 DV tengi og USB2 DV tengi og nýjustu USB tengi möguleikum.  
 8.000kr. afsláttur  
 27.999.  
 35.999.

**ÓDÝRARI DVD MYNDIR!**  
 HVER MYND 899.

## NÝJIR TITLAR Í HVERRI VIKU!



### TÖLVULEIKIR

**Burnout - Revenge**  
 Sigurinn er ekki mikilvægur, né heldur blá ljós undir bílunum. Í þetta sinn snýst allt um hver getur brotið allar reglur vegarins, barist óeðlarlega og rústað keppinautunum. Hreint út sagt magnaður leikur og an efa einn af bestu leikjum ársins.  
**GAMESPOT GEFUR 9,6 Í EINKUNN!**  
**GAMESPOT**  
**VARA Á LENDA**  
**5.799**

### ÞRÁÐLAUS SÍMI

**DORO** DORO 840 ÞRÁÐLAUS SÍMI DOR0840  
 • Þráðlaus DECT sími  
 • 50M draegni innandyra  
 • 300M utanhúss  
 • 10 tíma ending í tali  
 • 100 tíma ending í biðstöðu  
 • 30 númera símaskrá  
 • Númerabirting  
 45% afsláttur  
 3.999.  
 6.999.  
**Rugl verð!**

### MP3 SPILARI

**aigo** E808A-512MB AIGO E808A 512MB MP3 Innbyggj útvap  
 42% afsláttur  
 512 MB  
 6.999.  
 11.999.

### HEYRNATÓL

**Panasonic** RPHT225 Lokuð heyrnatól  
 50% afsláttur  
 1.499.  
 2.999.



Start er komið á topp norsku úrvalsdeildarinnar:

# Jóhannes Harðarson lék vel í toppslagnum

**FÓTBOLTI** Jóhannes Harðarson lék mjög vel á miðjunni með Start gegn Árna Gauti Arasyni og félagnum í Vålerenga í toppslagnum í norsku deildinni á sunnudagskvöld þegar Start sigraði Vålerenga 3-0 á heimavelli sínum að viðstöddum 14 þúsund áhorfendum. Jóhannes, sem er fæddur og uppalinn Skagamaður, kann mjög við sig í gulum búningi Startmanna sem komnir eru á topp deildarinnar. „Þetta er búið að vera alveg frábært tímabil. Við höfum líklega komið öllum á óvart nema okkur sjálfum,“ sagði Jóhannes Harðarson í samtali við Fréttablaðið.

Erik Soler, sem er þekktur um-

boðsmaður í evrópskri knattspyrnu, er eigandi félagsins. „Soler er afskaplega vinsæll og umfjöllun fjölmiðla beinist mest að honum og við leikmennirnir fáum algjöran frið til að gera okkar besta á vellinum,“ sagði Jóhannes.

Jóhannes fékk gult spjald í leiknum sem var hans sjötta á leiktíðinni og verður því ekki með liðinu með Start, sem þarf að ferðast norður til Tromsø og keppa við heimamenn. Þegar fjórir leikir eru eftir af leiktíðinni í Noregi eru Start og Vålerenga jöfn á toppnum með 44 stig en Start er fyrir ofan með hagstæðara markahlutfall. - þg

Þjálfaramálin skýrast hjá ÍBV í fótboltanum:

## Guðlaugur áfram í Eyjum

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Baldursson verður áfram þjálfari knattspyrnuliðs ÍBV. „Við kláruðum þetta um helgina. Við fórum í gegnum málin og ég verð í Eyjum a.m.k. næsta árið og gekk frá eins árs samningi,“ sagði Guðlaugur í samtali við Fréttablaðið þar sem hann var staddur á sól-arströnd á Portúgal. Undir hans stjórn rétt slapp ÍBV við fall úr Landsbankadeildinni.


„Við erum þegar byrjaðir að skoða leikmannamálin og ætlum að fá okkur nokkra nýja leikmenn í allar stöður. Það er ljóst að Birkir [Kristinsson] og Steingrímur [Jóhannesson] eru hættir en aðrir verða áfram fyrir utan einhverja af útlendingunum og þá sem við vorum með í láni frá FH. Við munum skoða



leikmanna-markaðinn hér innanlands en eins og svo oft áður munum við aðallega leita út fyrir landsteinana,“ sagði Guðlaugur.

Um eldskírniina að stýra liði í fyrsta skipti í Landsbankadeildinni sagði Guðlaugur að sumarið hefði verið lærdómsríkt. „Eftir fjórar umferðir og við vorum án stiga hugsaði ég með mér hvað ég væri að gera í þessu starfi. En það hjálpaði mér alltaf að ég hafði góðan stuðning stjórnarinnar allan tímann. Ég held að þetta hafi verið mjög lærdómsríkt fyrir okkur alla.“ - þg

## Vantar þig...



**YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. SMÁAUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU Á SKILABODUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.**

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

### FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Við viljum bjóða þér meira en þú hefur látið þig dreyma um



### RAV4 aukahlutapakki að andvirði 185.000 kr. fylgir með

Nú færð þú glæsilegan RAV4 með veglegum aukahlutapakka að andvirði 185.000 kr., heilsársdekk, dráttarbeisli, vindskeið, aurlífar og krómgrind á afturljós. Komdu, prófaðu RAV4 og upplifðu meira en þú hafðir látið þig dreyma um. Þú gerir ekki betri kaup fyrir veturinn!

**Verð frá 2.690.000 kr.**  
Mánaðarleg greiðsla frá 35.990 kr.\*



Heilsársdekk



Krómgrind á afturljós



Vindskeið



Aurlífar



Dráttarbeisli

Allt að 50% afsláttur af lántökugjaldi, gildir til 1. október.

\* m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning hjá Glitni.

Í samstarfi við



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

Pórhallur miðill



**Án 989**  
**BYLGJAN**

Lífsaugað  
Þriðjudagskvöld 22-24

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Fyrsta ástin

KRISTJÁN HJÁLMARSSON BERST GEGN MEÐFÆDDRI KARLREMBU



Sonur minn varð ástfanginn í fyrsta sinn fyrir mánuði. Stúlkan heitir Ída og vinnur í Ikea. Það er ekki nema tuttugu ára aldursmunur á þeim, hún er 23 ára en hann þriggja.

Hann kynntist henni í barnalandi í Ikea en þangað hafa foreldrar hans hafa vanið komur sínar síðustu vikur. Í fyrstu var hann örliðið feiminn við þessa ljóshærðu, grönnu og myndarlegu stúlku. En eftir að hann áttaði sig á því að stúlkan heitir

sama nafni og systir Emils í Katt-holti varð hann yfir sig hrifinn og ekki spillir fyrir að Ída er gæfuleg stúlka með eindæmum.

Síðustu tvö skipti hefur Ída ekki verið við þegar sá stutti hefur komið í heimsókn. Eins og gefur að skilja hjá ungum manni sem vill heilla ástina sína brestur hann í grát og spyr í sífellu hvar Ída sé.

Það leið þó ekki á löngu þar til sá stutti hitti ástina aftur, að vísu ekki í barnalandi heldur í textíldéildinni. Hann tók gleði sína á ný en þó var einn galli á gjöf Njarðar.

Ída hafði litað hárið á sér brúnt. „Af hverju litaði hún hárið dökkt?“ spurði sá stutti og bætti

svo við: „Hún á að vera með gult hár eins og ég.“

Ég brást illur við enda fannst mér þetta fyrstu merkin um það hvernig við karlar viljum stjórna kvenpeningnum eftir okkar höfði. Svona vildi ég ekki að sonur minn hugsaði. Ég ætlaði að fara að skamma hann þegar móðir hans minnti mig á að hann væri nú frekar vanafastur. Ég hélt aftur af mér og taldi upp að tíu.

Síðustu daga hefur sonur minn einungis fengið að heyrja sögur af sterkum og sjálfstæðum konum eins og Línu langsock og Lottu sem kann víst að hjóla. Og það er ekki að sökum að spyrja. Hárliturinn hefur verið tekinn í sátt og ástin blómstrar sem fyrr. ■

## myndasögur

### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



### ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



**8. HVER VINNLUR.**

Sendu SMS skeytið **BTL SCF** á númerið **1900** og þú gætir unnið eintak.

**SMS LEIKUR**

**Aðalvinningur er Sony heimabíó + Sin City á DVD**

Fullt af auka vinningum: Sin City á DVD • Fullt af öðrum DVD myndum • Fullt af Coca Cola

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb, 199 kr/skeytið.

Lendir í BT 26.09.05



## ■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

4	2	8	9	5	7	6	1	3
9	6	3	1	4	2	7	5	8
7	1	5	3	6	8	9	4	2
6	9	4	8	3	1	5	2	7
5	3	1	2	7	4	8	9	6
2	8	7	6	9	5	4	3	1
1	7	9	4	2	6	3	8	5
8	4	6	5	1	3	2	7	9
3	5	2	7	8	9	1	6	4

4				1		6		
	8		9	6		2		
	7	5	3					4
		3	6	5		1	4	
	6	7				8	2	
	4	8		3	7	5		
2					6	7	3	
		9		4	5		8	
	1		7					9

su|do|ku  
© Puzzles by Pappocom



**LIVERPOOL  
CHELSEA**  
Á MORGUN KL. 18:30


# HEFNIDINN

Í KVÖLD KL. 18:30  
AJAX - ARSENAL  
MAN. UTD. - BENFICA\*

Á MORGUN KL. 18:30  
LIVERPOOL - CHELSEA  
SCHALKE - AC MILAN\*

\*SÝN EXTRA

**SYN**  
besta sætið



## Belgíska Kóngó fer norður

Leikritið Belgíska Kóngó eftir Braga Ólafsson gekk fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu síðasta vetur, en verkið var frumsýnt vor- ið 2004. Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á hinni fjörgömlu Rósalind. Auk Eggerts leika í sýningunni þau Ilmur Kristjánsdóttir, Ellert A. Ingimundarson og Davíð Guðbrands- son. Leikstjóri er Stefán Jónsson. Leikhópurinn mun nú leggja land undir fót og sýna tvær gestasýn- ingar hjá Leikfélagi Akureyrar, núna á föstudaginn og laugar- daginn.

Leikritið fjallar um bankastarfsmanninn Rósar og ömmu hans Rósalind, en þau hafa ekki talast við í sjö ár. Einn daginn ákveður Rósar að það sé orðið tímabært að sættast og fá



hin gömlu og tilefnislausu leiðindi út úr heiminum. En það á eftir að koma í ljós hvort jafn ólíkt fólk og skyldmennin sem um ræðir hafi nokkuð hvort við annað að segja.

### > Ekki missa af ...

... tónleikum dansk-norska djasstríósins **Hot 'n Spicy** á Kaffi Reykjavík annað kvöld. Þetta eru upphafstónleikar Jazzhátíðar Reykjavíkur, sem stendur fram á sunnudag.

... kynningu hugmyndasmið- unnar **DemoLab** á niðurstöð- um sínum í Listasafni Reykja- víkur í dag klukkan 17. Hug- myndasmiðjan hefur verið starfrækt í tengslum við sýning- una Hvernig borg má bjóða þér?

... fyrirlestri **Kristins Schram** Þjóðfræðings um „munlega frásögn og sjálfsmyndir í hvers- dagsmenningu nútímans“, sem hann flytur í Árnagarði í dag klukkan 17.15.

# menning

menning@frettabladid.is

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

### STÓRA SVIÐ

#### KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren  
Lau 1/10 kl. 14, Su 2/10 kl. 14,  
Su 9/10 kl. 14

#### WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR Í SEPT.

Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28.  
okt. Miðaverð á forsýningu aðeins kr. 2.000,-  
Fí 29/9 kl 20 UPPSELT, Fí 27/10 kl. 20

Fö 30/9 kl 20 UPPSELT,  
Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)

#### HÍBYLI VINDANNA

Örfár aukasýningar í haust.  
Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20,  
Lau 16/10 kl. 20

#### LÍFSINS TRÉ

Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT  
Lau 22/10 kl. 20, Fí 27/10 kl. 20, Fö 28/10 kl. 20,  
Fö 4/11 kl. 20, Lau 5/11 kl. 20

### TVENNU TILBOÐ

Ef keyptur er miði á  
Híbyli vindanna og Lífsins tré  
fæst sérstakur afsláttur

### SALKA VALKA

Fí 15/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT

#### NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

#### MANNTAFL

2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,  
Lau 15/10 kl. 20

#### ALVEG BRILLJANT SKILNADUR

Lau 1/10 kl. 16 aukasýn., Lau 1/10 kl. 20 UPPSELT,  
Fí 6/10 kl. 20 UPPSELT, Lau 8/10 kl. 16 aukasýn.,  
Lau 8/10 kl. 20 UPPSELT, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT,  
Sun 16/10 kl. 20 aukasýn.,

#### BELGÍSKA KONGÓ

Sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar  
Fö 30/9 kl. 20, Lau 1/10 kl. 20

Sími miðasölu 568 8000  
midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is  
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:  
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20  
miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
12-20 laugardaga og sunnudag



SALVÖR NORDAL Fjallar um „úrhörök nútímans“ í hádegisfyrirlestri sínum í Þjóðminjasafni Íslands.

## Þeir sem nútíminn úthýsir

Samkvæmt kenningum félags- fræðingsins og heimspekingsins Zygmunt Bauman geta framfarir ekki einungis af sér velsæld og allsnægtir, heldur útiloka þær jafnframt stóran hluta mannkyns frá þessu sama allnægtaborði.

Salvör Nordal, heimspekingur og forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals, fjallar um kenningar Baumans í fyrirlestri, sem hún heldur í Þjóðminjasafni Íslands í hádeginu í dag.

„Hann er orðinn dálítið gamall,“ segir Salvör um Bauman. „Ég hef lesið sitthvað eftir hann í gegnum tíðina en rak svo augun í bók eftir hann sem heitir Wasted Lives og hún hefur haldið mér svolítið hugfanginni. Þó hún fjalli um mjög alvarlega hluti og sé

ekki uppörvandi lesning þá er hún samt merkileg fyrir margra hluta sakir.“

Þessi bók, sem heitir Wasted Lives: Modernity and Its Outcasts, kom út fyrir fáeinum árum. Þar lýsir hann hugmyndum sínum um ranghverfu framfaranna, sem úthýsa öllum sem ekki falla innan ramma þeirra.

„Ég ætla að einkum að einblína á efnahagslegar framfarir og hverjir verða undir í þessum framförum, en það eru þeir sem hafa af einhverjum ástæðum ekki möguleika á að sitja við gnægta- borð nútímans. Innan velmegandi samfélaga eru það þeir sem eru fátækir og atvinnulausir, og svo hins vegar eru það flóttamenn og aðrir sem fá ekki aðgang að þess-

um samfélögum.“

Bauman lítur svo á að það sé nánast innbyggt í framfarirnar að sumir lendi utangarðs, annað sé ekki mögulegt.

Salvör ætlar þó ekki eingöngu að tala um Bauman því hún tengir hugmyndir hans líka við heim- spekingar hugmyndir um mikil- vægi þess að eiga sér stað í heim- inum, fá einhver staðar að vera.

Fyrirlestur Salvarar er liður í hádegisfyrirlestarröð Sagnfræð- ingafélags Íslands, sem nú á haustmánuðum eru helgaðir spurningunni: Hvað eru framfarir? Fyrirlestarnir eru haldnir annan hvern þriðjudag í nýjum sal Þjóðminjasafnsins, og hefjast þeir jafnan klukkan tíu mínútur yfir tólf. ■



**Avxtakarfarin**  
Í AUSTURBÆ

Síðustu sýningar

# Birgitta

Gædda Guðrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar  
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30  
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30  
www.avxtakarfan.is

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

### EDITH PIAF

Fim. 29/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 örfá sæti laus, lau. 1/10 örfá sæti laus, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10 nokkur sæti laus. Sýningum lýkur í október.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00

### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 2/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00, sun. 23/10 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

### KODDAMAÐURINN

Fös. 30/9 örfá sæti laus, sun.. 2/10, fim. 6/10, fös. 7/10 nokkur sæti laus, lau. 8/10. Sýningum lýkur í október.

KORTASALAN STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER!

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÖLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



THE TURN OF THE SCREW  
EFTIR  
**BENJAMIN BRITTEN**


25 ára og yngri:  
50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning  
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning  
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning  
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning  
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsætningu þess.  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is    opera@opera.is    Sími: 511 4200  
Íslenska Óperan    v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík    Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN



16. sýn. sun. 02/10 kl. 14 Annie; Solveig  
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind  
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig

551 4700 & 551 0200

AUGLÝSINGASÍMI

# 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Nemendaleikhúsið og CommonNonsense



AFHVERJU ERU AD GRÁTA MAMMA?  
ÉG ER AD SJERA LAUK

Forðist okkur  
eftir Hugleik Dagsson  
eftir 2 daga  
í Borgarleikhúsinu



ÚR SPUNA Úr leikýningunni Spin sem frumsýnd var á laugardaginn í Helsinki í leikstjórn Gunnars Helgasonar.

## Heitur í Helsinki

Gunnar Helgason leikari er að slá í gegn sem leikstjóri í Helsinki þessa dagana. Á laugardaginn var frumsýnt þar fyrir fullu húsi á stóra sviði Sænska leikhússins söngleikurinn Spin sem Gunnar leikstýrir.

Höfundur söngleiksins, bæði tónlistar og texta, er Bandaríkjamadurinn Douglas Pashley sem býr í Finnlandi.

Söngleikurinn fjallar um tónlistarblaðamann að nafni Daniel Jackson, sem af tilviljun dregst inn í óvænta atburðarás þar sem leynifélag nokkurt reynir að ná völdum í tónlistarbransanum með vægast sagt óheiðarlegum meðlum.

Mikið er lagt í sýninguna, þrettán dansarar eru á sviðinu auk átta leikara og stórhljómsveit sér um tónlistarflutninginn. ■

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

24 25 26 27 28 29 30

Príðjudagur

### TÓNLEIKAR

- 18.00 Pönkhljómsveitirnar **Dys, I Adapt, Innvortis, Severed Crotch, Gavin Portland, Jericho Fever, STF** og **The best hardcore band in the world** koma fram á tónleikum í Tónlistarþróuninni, Hólmaslóð 2, í tilefni af opnun bókasafns Andspyrnu.
- 20.30 Tónleikaröðinni í Selfosskirkju lýkur með orgeltónleikum **Eyþórs Inga Jónssonar**.

### OPNANIR

- Gunnar S. Magnússon** opnar sýningu í listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg 5 á 75 ára afmæli sínu. Gunnar sýnir þar 21 myndverk blandaðrar tækni og frá ýmsum tímabilum auk 30 ljósmynda. Jafnframt kemur út ljósmyndabók sem nefnist Mynd dagsins.

### FYRIRLESTRAR

- 12.00 **Hreiðar Eiríksson** fjallar um hlutverk lögreglu við meðferð opinberra mála í erindi, sem hann flytur á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, í stofu L203 Sólborg v/Norðurlóð.
- 12.10 **Salvör Nordal**, heimspekingur og forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, fjallar um örþing við allsnægtaborð nútímans í hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélags Íslands, sem haldinn verður í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu.
- 15.00 **Brynhildur Briem**, sérfræðingur á matvælasviði Umhverfisstofnunar, og **Brynhildur Pétursdóttir** frá Neytendasamtökunum flytja fyrirlestur um „Fullyrðingar í merkingum matvæla“ í húsnæði Umhverfisstofnunar að Suðurlandsbraut 24, 5. hæð.
- 17.00 **Katrín María Káradóttir** kynnir verk sín og fjallar um samspil sniðagerðar og hönnunar í fyrirlestri í LHÍ, Skipholti 1, stofu 113.
- 17.15 Þjóðfræðingurinn **Kristinn Schram** heldur fyrirlestur á vegur Félags þjóðfræðinga á Íslandi um „Munnlega frásögn og sjálfsmyndir í hversdagsmenningu nútímans“ í stofu 201 í Árnagarði.

### SAMKOMUR

- 20.00 **Halldóra Thoroddsen** og **Gísli Þór Ólafsson** lesa upp úr ljóðum sínum á Skáldaspírúkvöldi, sem haldið verður í bókaversluninni Iðu við Lækjargötu.

### SÝNINGAR

- 17.00 Hugmyndasmiðjan **DemoLab** verður með kynningu á niðurstöðum sínum í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. DemoLab hefur verið starfrækt undir stjórn Danans **Mads Bech Paluszewski** samhliða sýningunni **Hvernig borg má bjóða þér?**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**HIMNARÍKI**  
Geðklofin gamanleikur eftir Árna íbsen

5. sýn fös. 31 kl. 20 Örfá sæti  
6. sýn lau 1. okt kl. 20 Örfá sæti  
7. sýn fös 7 okt Nokkur sæti  
8. sýn lau 8 okt UPPSELT  
9. sýn fös 14 okt  
10. sýn lau 15 okt  
11. sýn fös 21 okt  
12. sýn lau 22 okt

LEIKHÚSIÐ

Miðapantánir í síma 555 2222 og á [mid.is](http://mid.is)

Leikhöpurinn Á sonunni í samstarfi við SPRON

**Kabarett**  
í Íslensku óperunni

Fös. 30. september  
Lau. 1. október  
Lau. 8. október

„Söngur Nórinnar er í einu orði sagt stórblegger...“  
- SH. Ma.

Í síma 511 100, og á [www.kabarett.is](http://www.kabarett.is)

**ELVIS**

TRIBUTE TÓNLEIKAR Á BROADWAY 30. SEPTEMBER NK. KL. 22:00  
Hér er á ferðinni tónlistarveisla sem enginn má missa af.

**Aðeins í þetta eina skipti!**

Forsala aðgöngu miða  
í síma 533-1100 á Broadway og í  
Pernanum Eymundsson, Akureyri - Miðaverð 2.500,-

**Lotus PROFESSIONAL**

**Betri nýting - aukið hreinlæti**

**7.956kr**  
Lotus enMotion snertifrír skammtari

**5.575kr**  
6 rúllur Lotus enMotion tveggja laga handþurrkur

**Á tilboði í september 2005**  
Snertifrír enMotion handþurrkuskammtari frá Lotus Professional og tveggja laga enMotion þurrkur

**Nýjung fyrir snyrtinguna**  
Snertifrír handþurrkuskammtari

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

Jóhannes Ásbjörnsson Sigurjón Brink Pálmi Sigurhjártarson  
Leikstjóri / Hilmir Snær Guðnason

**BÍTL**  
Tónleikurinn

Föstudagur 30. Sept  
Föstudagur 07. Okt  
Föstudagur 14. Okt  
Laugardagur 15. Okt

Landsbankinn  
Banki allra landsmanna  
410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

Loft KASTALINN 552 3000  
[loftkastalinn.is](http://loftkastalinn.is)

**ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR**  
VEF.TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á [visir.is](http://visir.is)



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Britney Spears** hefur hug á því að biðja leikkonuna, **Kim Cattrall**, úr *Sex and The City* að vera guðmóður sonar síns. Kim Cattrall sem lék Samönthu í þáttunum hefur verið vinkona Britney síðan þær léku mæðgur í myndinni *Crossroads*. Haft var eftir vinkonu Britney að hún héldi svo mikið upp á Kim að það kæmi enginn önnur til greina til að vera guðmóðir sonar hennar.



**Söngvarinn George Michael** hefur viðurkennt að hann hafi eitt sinn farið haugfullur í jólamessu ásamt vinum sínum. Hann sagðist hafa farið í messuna til að fagna fæðingu Jesú eftir að hafa hellt sig fullan af víni. Það eina sem honum og vinum hans tókst að gera var að eyðileggja messuna. „Við komum okkur allir fyrir aftast, sem næst útganginum. Þar sátum við og hlógum óstjórnlega af því að einn af okkur prumpaði.“ George segist aldegi hafa haft samvaskubít yfir þessari stundu af því að honum sé sama um trú. „Ég ólst upp á Englandi og þar fer 99% landsmanna ekki í kirkju á sunnudögum. Það eru allir í IKEA á sunnudögum að versla.“



**HRAFNAPIG** Rappariinn Dóri DNA lét sig ekki vanta ekkert frekar en Ágúst Bogason, blaðamaður af Sirkus, þau Hanna Eiríksdóttir og Andri Ólafsson af DV auk Þórhildar Ólafsdóttur af Talstöðinni og Þóru Sigurðardóttur af Sirkus Rvk.

## Sirkus-teiti á Prikinu

Drátt fyrir kulda í Reykjavíkurborg og kaldasta september í 180 ár lét tímaritið Sirkus Rvk það ekkert á sig fá. Það efndi til teitis á Prikinu fyrir velunnara sína og starfsmenn þar sem boðið var upp á léttar veitingar. „Við stefnum á að gera þetta reglulega þegar við erum í góðu skapi,“ sagði Sigtryggur Magnason, annar ritstjóra blaðsins. „Ég held að við höfum fangað það hressandi andrúmsloft sem svífur yfir vötnum blaðsins,“ bætti hann við og fannst blaðið hafa fengið góð viðbrögð. „Mætingin sýnir það.“ Á barnum var boðið upp á Reyka vodka sem ný barþjónar frá Bretlandi blönduðu á margvíslegan hátt. Það voru þeir Einar Snorri, ljósmyndari Sirkus Rvk, og Henrik Björnsson, blaðamaður á tímaritinu, sem þeyttu skifum.



**SETAR STELPUR** Það mátti varla þverfóta fyrir fallegu kvenfólki á Prikinu. Þær Harpa Helgadóttir og Þórunn Ólafsdóttir voru engar undantekningar.



**ÞRÖNGT Á ÞINGI** Góð mæting var í teiti tímaritsins Sirkus Rvk. Fyrir miðju má sjá í annan ritstjóra blaðsins, Sigtrygg Magnason, á spjalli við sjónvarpskonuna og ofurskultluna Andreu Róberts.



**HÁRGREIÐSLUSTUÐ** Anna Sigríður Pálsdóttir, eigandi Gel gallerí, og Jón Atli Helgason hárgreiðslumaður skemmtu sér vel. Eins og sjá má eru þau með nýjustu strauma og stefnur í hártískunni alveg á hreinu.



**BROSAD FRAMAN Í HEIMINN** Þóra Sigurðardóttir eða Birta í Stundinni okkar hefur unnið sem blaðamaður á Sirkus Rvk í sumar. Hér er hún ásamt Ingvaldi Gyðu Gísladóttur.

# Spænska með menningarlegu ívafi



Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem vilja læra tungumálið hratt og örugglega á skömmum tíma

**Menning - samskipti - viðskipti**

Námskeiðin henta fólki sem vill auka við tungumálakunnáttu sína. Jöfn áhersla verður lögð á lestur, skrift, talað mál og hlustun. Menning Spánar og rómönsku Ameríku er fléttuð inn í málánámið, en menningarlaus er lykillinn að betri árangri í alþjóðasamskiptum.

**Ávinningur**

- Hagnýt þekking á spænsku sem nýtist í erlendum samskiptum og daglegu lífi.
- Aukið menningarlaus sem eykur árangur í viðskiptum og samskiptum við hinn spænskumælandi heim.

**Kennt í Háskólanum í Reykjavík á eftirfarandi tíma:**

- Spænska II - (Fyrir þá sem hafa grunn) 3. okt. - 26. okt.
- Spænska III - (Fyrir þá sem tala spænsku) 31. okt. - 21. nóv.

Kennt verður á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 19:00.

Verð: 32.000 kr. pr. námskeið



**Margrét Jónsdóttir**  
Ph.D. er leiðbeinandi á námskeiðinu

Frekari upplýsingar veitir:  
Charlotta Karlsdóttir  
Beinn sími: 599 6258  
Skriptiborð: 599 6200  
Skráning á charlotta@ru.is  
[www.ru.is](http://www.ru.is)

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



## J. Lo lætur ekki stjórna sér

Söngkonan og leikkonan J. Lo rak umboðsmann sinn af því að hann heimtaði að hún færi í megrun. Hún hefur aldrei látið vaða yfir sig á skítugum skónum. „Þegar ég byrjaði að syngja inn á plötur og leika í kvikmyndum hafði ég það hugfast að ég þyrfti ekki að vera eins og neinn annar.“

J. Lo er þrígíft en hefur nú höndlað hamingjuna með manni sínum, Marc Anthony. Hún segist aldrei hafa liðið eins og hún hafi þurft að þóknast öðrum með því að vera grónn eins og aðrar stjórnur í skemmtanabransanum. „Ég var með umboðsmann sem var alltaf að gagnrýna vaxtarlag mitt. Honum fannst að ég ætti að líta út eins og Heather Locklear, grónn og ljóshærð. Ég rak hann.“ ■



# Íslendingar áberandi á Nordisk Panorama

Heimildar- og stuttmyndahátíðin Nordisk Panorama var haldin í Bergen í Noregi nú um helgina. Í kvöld verða aðalverðlaun hátíðarinnar afhent en alls voru fjórar íslenskar kvikmyndir meðal þátttakenda, heimildarmyndin Africa United auk stuttmyndanna Slavek the Shit, Jón Bóndi og Töframaðurinn.

Það er greinilegt að íslensk heimildar- og stuttmyndagerð er í miklum blóma um þessar mundir. Norska blaðið Bergens Tidende birti um helgina viðtal við aðstandendur Africa United. Myndin fékk mjög góðar viðtökur áhorfenda á frumsýningu sem hvöttu liðið óspart meðan á sýningu myndarinnar stóð. Þá svöruðu þeir Ólafur Jóhannesson, leikstjóri myndarinnar,



